

Maí 2020



Drög að stefnu

Menntun barna og ungmenna
með fjölbreyttan tungumála-
og menningarbakgrunn

Í stýrihóp:

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, formaður
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Fræðslusviði Reykjanesbæjar.

Í starfshóp:

Anna María Gunnarsdóttir frá Kennarasambandi Íslands
Dagbjört Ásbjörnsdóttir frá Reykjavíkurborg
Einar Hrafn Árnason frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema
Hrafnhildur Kvaran frá félagsmálaráðuneyti
(tók við af Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur)
Renata Emilsson Peskova frá Móðurmáli – samtökum um tvítyngi,
Sigríður Ólafsdóttir frá Menntavísindasviði H.Í.
Þórður Kristjánsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Þorbjörg Halldórsdóttir frá Menntamálastofnun
(tók við af Huldu Karen Daníelsdóttur).



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sölvhólgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Netfang: mrn@mrn.is

Veffang: www.mrn.is

Umbrot: Einar Guðmundsson

© 2020 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Efnisyfirlit

Inngangur	6
1.1 Yfirlit yfir tillögur starfshópsins	8
1.2 Markmið og afmörkun efnis	9
1.3 Hugtök	10
2. Bakgrunnur – staða Íslands	12
2.1 Líðan	13
2.2 Námsárangur	13
2.3 Brotthvarf	14
3. Íslensk löggjöf og stefnumótun	17
3.1 Lög um málefni innflytjenda	17
3.2 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019	17
3.3 Aðalnámskrá – grunnþættir menntunar	19
3.4 Leikskólinn	20
3.5 Grunnskólinn	20
3.6 Framhaldsskólinn	21
3.7 Frístundaheimili	22
3.8 Hvítbók um umbætur í menntun	22
3.9 Menntun fyrir alla	23
3.10 Stefnumörkun Kennarasambands Íslands	24
3.11 Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018–2022	24
3.12 Íslensk málnefnd. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2018	25
3.13 Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi	25
3.14 Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólustjórnenda	26

4. Alþjóðlegar áherslur	28
4.1. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins	28
4.2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	29
4.3. Skýrsla UNESCO um innflytjendur	30
4.4. Hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun	32
4.5. Evrópski tungumálaramminn	33
4.6. Sáttmáli Evrópuráðsins um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa	33
4.7. OECD verkefni	34
4.7.1 Framtíðarsýn um menntun og hæfni 2030	34
4.7.2 Styrkur í gegnum fjölbreytileika	34
4.7.3 Aðlögunarhæfni nemenda með erlendan bakgrunn	34
4.8. Norræna ráðherranefndin	35
4.8.1. Stefna um menntamál	35
4.8.2. Málstefna Norðurlanda	36
4.8.3 Skólinn sem undirstaða fullgildrar þátttöku – Skýrsla Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar	36
4.9. Atlantic Rim	37
5. Niðurstöður rannsókna	40
5.1 Líðan og félagsleg tengsl barna og ungmenna	40
5.2 Reynsla og viðhorf foreldra	42
5.3 Reynsla og sjónarmið kennara	43
5.4 Íslenska sem annað mál	44
5.5 Móðurmál/fjöltyngi	47

6. Stefnumótun í nágrannalöndum – nokkrar sviðsmyndir	52
6.1 Svíþjóð	52
6.2 Alberta – Kanada	54
6.3 Noregur	57
6.4 Írland	58
7. Tillögur og aðgerðir	62
Tillaga 1 – Fjölmenningarlegt skólastarf	65
Tillaga 2 – Samfelld nám	68
Tillaga 3 – Íslenska sem annað mál	70
Tillaga 4 – Foreldrar og fjöltyngi	71
Tillaga 5 – Umsækjendur um alþjóðlega vernd	72
Tillaga 6 – Menntun kennara og tólstunda- og félagsmálafræðinga	73
Tillaga 7 – Menntarannsóknir	74
Heimildir	76

Inngangur

Með auknum fjölda innflytjenda til landsins tekst íslenskt skólakerfi nú á við nýjar áskoranir. Með hverju árinu sem líður eykst fjöldi barna og ungmenna í leik-, grunn- og framhaldsskólum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hvernig við mætum þessum nýju Íslendingum í skólum landsins getur skipt sköpum, ekki einungis fyrir einstaklingana sjálfa heldur einnig fyrir samfélagið í heild.

Markmið þessarar skýrslu er að greina stöðu þessa hóps í menntakerfinu, setja fram tillögur til úrbóta og hugmyndir um aðgerðir sem lagt er til að ráðist verði í. Skýrslan var unnin af starfshópi sem settur var á fót af mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Dögg Alfreðsdóttur í byrjun árs 2019. Tillögurnar voru unnar eftir ítarlega gagnaöflun og greiningu á stöðu barna og ungmenna af erlendum uppruna hér á landi og í nágrannalöndunum.



1.1 Yfirlit yfir tillögur starfshópsins

1. Fjölmenningarlegt skólastarf

Fjölmenningarlegt skólastarf, sem fagnar margbreytileika, fjölbreytni í nemendahópnum og byggir á auðlindum og styrkleikum barna og ungmenna, verði aðalsmerki skólakerfisins.

2. Samfellt nám

Samfella milli leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundaheimila verði sett í öndvegi til að tryggja að byggt verði á markvissan hátt á fyrri reynslu og þekkingu barnanna frá einu skólastigi yfir á annað. Unnið verði markvisst að því að styrkja leikskólastigið, auka þátttöku barna af erlendum uppruna í starfi frístundaheimila og fjölga tækifærum nemenda af erlendum uppruna til að stunda og ljúka námi í framhaldsskólum.

3. Íslenska sem annað mál

Börn og ungmenni, sem læra íslensku sem annað mál, fái íslenskukennslu við hæfi og viðeigandi stuðning í námi svo lengi sem þörf er á. Lögð verði áhersla á að þau geti sem fyrst stundað nám jafnfætis jafnöldrum sínum sem eiga íslensku að móðurmáli. Sérstaklega þarf að styðja börn, sem eru fædd hér á landi eða koma ung til landsins, að þau fái strax í leikskóla málörvun í íslensku og fylgst sé með að þau taki reglulegum framförum.

4. Foreldrar og fjöltyngi

Litið verði á menningu og móðurmál barnanna sem auðlind sem kemur börnunum og samfélaginu til góða. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar sem búa yfir ómetanlegri þekkingu sem nýta þarf í þágu barnanna.

5. Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Lögð verði áhersla á að börnum og ungmönnum, sem eru í leit að alþjóðlegri vernd, verði tryggt menntun og skólaganga eins fljótt og unnt er í samræmi við aldur þeirra og þroska. Miðað verði við að ekki líði lengri tími en fjórar vikur frá því að barn sækir um alþjóðlega vernd þar til það hefur fengið skólaúrræði.

6. Menntun kennara

Tryggt verði að kennsla barna og ungmenna af erlendum uppruna verði hluti af grunnmenntun allra kennara og tólstunda- og félagsmálafræðinga. Jafnframt að kennarar, skólastjórnendur og starfsfólk frístundaheimila sækji símenntun og starfsþróun um fjölmenningu og kennslu barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

7. Menntarannsóknir

Komið verði á fót markvissu átaki til að efla menntarannsóknir sem leið til að stuðla að gæðum í skólakerfinu.

Sjá nánar um tillögurnar í 7. kafla, bls. 62.

1.2 Markmið og afmörkun efnis

Starfshópnum var ætlað að vinna að kortlagningu og gagnaöflun um stöðu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og á grundvelli þess móta drög að menntastefnu sem tekur mið af fjölbreyttum hópi barna og ungmenna frá ólíkum menningarheimum. Í erindisbréfi starfshópsins segir:

Starfshópnum er ætlað að vinna að kortlagningu og gagnaöflun um stöðu þessara nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum og skoða viðeigandi lagaramma hér á landi, áætlanir svo og aðrar stefnur svo sem framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, þingsályktun um íslenska tungu og íslenska málstefnu og ályktanir íslenskrar málnefndar. Þá er hópnum einnig ætlað að skoða lagaramma og helstu stefnuskjöl í málaflokknum í nágrennalöndum, skoða alþjóðlegar skuldbindingar sem snerta þennan nemendahóp, t.d. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, skoða niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna og kanna og greina viðhorf nemenda af erlendum uppruna og foreldra þeirra og starfsfólks skóla og skólalátnustu til skólagöngu þessa nemendahóps. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn vinni drög að stefnu í málaflokknum (Hvítbók), sem tekur mið af fjölbreyttum hópi nemenda frá ólíkum menningarheimum, og þar sem fram koma tillögur að áherslum og leiðir til úrbóta.

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, stýrði starfshópnum og með henni í stýrihópi voru Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti, og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Fræðslusviði Reykjanesbæjar. Í starfshópnum sátu eftirfarandi fulltrúar: Anna María Gunnarsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, Dagbjört Ásbjörnsdóttir frá Reykjavíkurborg, Einar Hrafn Árnason frá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, Hrafnhildur Kvaran frá félagsmálaráðuneyti sem tók við af Jónu Guðnýju Eyjólfsdóttur í júlí, Renata Emilsson Peskova frá Móðurmáli – samtökum um tvítýngi, Sigríður Ólafsdóttir frá Menntavísindasviði H.Í., Þórður Kristjánsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þorbjörg Halldórsdóttir frá Menntamálastofnun sem tók við af Huldu Karen Daníelsdóttur sem sat í hópnum þar til í október.

Gengið var frá skipun starfshópsins í byrjun febrúar 2019 og var fyrsti fundurinn haldinn 25. febrúar. Á tímabilinu var haldinn 21 sameiginlegur fundur, auk reglulegra funda verkefnastjórnar og funda með undirhópum. Í upphafi var lögð áhersla á að greina stöðuna og afla gagna. Greina jákvæða þætti og bera kennsl á þá þætti þar sem þörf er á að styrkja og gera betur. Var það gert með öflun skriflegra gagna (skýrslur, fræðigreinar) sem safnað var saman á sameiginlegt svæði hópsins. Einnig var leitast við að fá að borðinu sérfræðinga og hagsmunaaðila sem málið snertir. (Í viðhengi 1 er listi yfir þá aðila sem mættu á fundi nefndarinnar). Öllum fulltrúum í starfshópnum gafst kostur á að sækja Norrænan fund tengslanets um nemendur með erlendan bakgrunn (e. Nordic Network on Newly Arrived Students) sem haldinn var á Íslandi.

Auk íslenskrar stefnumótunar í málefnum barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn var rýnt á gaumgæfinn hátt í alþjóðlegar stefnur og eru í skýrslunni dregnar saman megin áherslur og skilaboð sem kveðið er á um í samþykktum og stefnum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Farið var í að greina með skipulögðum hætti þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðhorfum foreldra, barna og kennara héraðs síðustu ár. Jafnframt að greina þær rannsóknir héraðs og í nágrannalöndunum sem snúa að kennslufræði móðurmáls og skólamáls. Tveir framhaldsnemar við Menntavísindasvið H.Í. voru ráðnir til að aðstoða við gagnaöflun fyrir þennan þátt, þau Björn Rúnar Egilsson og Salóme Konráðsdóttir (sjá viðhengi 2 og 3). Starfshópurinn kynnti sér stefnumótun nágrannalanda í menntun barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og valdi að fjalla um í skýrslunni, lönd þar sem talið er að vel hafi tekist til og lönd sem hafa nýlega endurmetið stefnu sína og tekið til endurskoðunar.

1.3 Hugtök

Á undanförunum árum hafa ólík orð og hugtök verið notuð þegar fjallað er um börn og ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þessi hópur hefur verið skilgreindur út frá uppruna sínum, þjóðerni foreldra eða færni í íslensku og talað m.a. um börn af erlendum uppruna, börn með erlendan bakgrunn, börn með annað móðurmál en íslensku, börn með íslensku sem annað tungumál og tvítyngd eða fjöltyngd börn. Í þessari skýrslu er tekið mið af vinnu starfshóps um leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi og þær skilgreiningar sem þar eru settar fram og eiga við í þessari skýrslu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020).



2. Bakgrunnur – staða Íslands

Auknir fólksflutningar, alþjóðavæðing í menntun og á vinnumarkaði og aukinn fjöldi flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í mörgum löndum hefur í för með sér breytingar og nýjar áskoranir, bæði fyrir einstaklinga og samfélögin í heild. Þjóðir, sem taka á móti nýjum borgurum, þurfa að bregðast við komu fólks með fjölbreytta reynslu og sjónarmið sem kallar á endurskoðun þeirra gilda og hefða sem fyrir eru. Leiða má líkur að því að 21. öldin muni einkennast af fólksflutningum, þannig að þessi veruleiki er kominn til að vera.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun en á stuttum tíma hefur samfélagið breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það fjölmenningslega samfélag sem það nú er. Innflytjendum hefur fjölgað mikið undanfarna tvo áratugi. Nú svipar hlutfalli þeirra af heildarmannfjölda til hinna Norðurlandanna. Þetta er þróun sem átti sér stað mun síðar hér en á hinum Norðurlöndunum. Árið 1995 var einungis 1,8% þjóðarinnar af erlendum uppruna. Í byrjun árs 2019 var sá hópur orðinn 14,1% eða 50.272 manns (Hagstofa Íslands, 2019a). Stærsti hópurinn kemur frá Póllandi. Aukinn fjöldi innflytjenda undanfarna áratugi endurspeglar glögg tækni í skólakerfinu. Í lok ársins 2018 voru 13,7% allra leikskólabarna af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2019b). Árið 2017 höfðu 10,7% allra grunnskólabarna annað móðurmál en íslensku. Í sumum sveitarfélögum er þessi tala mun hærra (Hagstofa Íslands, 2019c).

Innflytjendur á Íslandi er ekki einsleitur hópur. Einstaklingar í hópi innflytjenda hafa fjölbreytta menntun og reynslu og vinna ólík störf. Þrátt fyrir margbreytilegan hóp benda tölur frá Hagstofu Íslands til þess að félagsleg staða innflytjenda hér á landi sé verri en innfæddra. Fjárhagsstaða þeirra er einnig almennt verri og hlutfallslega færri hafa mjög háar heildartekjur. Þeir eru líklegri til að vera á leigumarkaði, búa þröngt og eru líklegri til að búa þar sem samfélagslegum gæðum er ábótavant. Þá eru innflytjendur líklegri en innfæddir til að vera ofmenntaðir fyrir störf sem þeir gegna (Hagstofa Íslands, 2019a). Ljóst er að slæm félagslega staða innflytjenda getur haft afgerandi áhrif á nám og skólagöngu barnanna.

Það er verulegt áhyggjuefni að börnum með erlendan bakgrunn vegnar verr í íslensku skólakerfi en jafnöldrum þeirra. Þau upplifa frekar útilokun, vanlíðan og einangrun. Þau eiga mörg í erfiðleikum með að taka virkan þátt í samfélaginu og ráða við námskröfur og gengur verr í samræmdum prófum og þau hætta frekar í framhaldsskóla (Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever, 2018). Einnig eru vísendingar um að kennarar telji sig illa í stakk búna til að kenna þessum hópi og finnst þeir eigi erfitt með að sníða skólastarfið að þörfum nemenda með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn (Ragnar F. Ólafsson, 2018).

2.1 Líðan

Vellíðan og góð félagsleg tengsl eru mikilvæg forsenda menntunar og farsællar skólagöngu barna. Rannsóknir benda til þess að líðan barna tengist námsárangri; því verr sem nemendum gengur, þeim mun ólíklegri er að þeim líði vel í skólanum (Ársæll Arnarsson, Guðmundur Th. Heimisson og Hermína Gunnþórsdóttir, 2019).

Nýlegar rannsóknir hér á landi benda til þess að börn af erlendum uppruna séu líklegri til að búa við verri hag og líðan en innfæddir jafnaldrar þeirra. Í nýlegri könnun *Rannsóknna og greiningar* kemur fram að grunnskólanemendum með annað móðurmál en íslensku líður verr í skólanum en jafnöldum þeirra og þeim er sjaldnar hrósað af kennurum. Þeir standa höllum fæti félagslega, eiga síður vini og eru ólíklegri til að vera með vinum sínum eftir skóla á virkum dögum. Einnig finna þeir frekar til einmanaleika, eru í minni samvistum við foreldra sína og taka síður þátt í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi (Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2018).

Viðtöl við börn með erlendan bakgrunn hafa leitt í ljós að þau hafa orðið fyrir fordómum og verið strítt vegna útlits og uppruna (Anh-Dao Tran og Samúel Lefever, 2018). Rannsóknir í íslenskum leikskólum benda einnig til ákveðinnar jaðarsetningar barna með erlendan bakgrunn. Þau hafa minni möguleika á þátttöku í leik og eru frekar skilin útundan (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2019).

Margar ástæður hafa verið nefndar fyrir veikri félagslegri stöðu barna með annan menningar- og félagslegan bakgrunn, svo sem að menntakerfi og menntastefna geri ekki ráð fyrir fjölbreyttum nemendahópum og þar af leiðandi sé skortur á þekkingu á mál-efnum þeirra í skólum, börnin skorti kunnáttu í íslensku, auk þess sem menningarauður og gildi heimila og skóla séu ólík (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2012).

2.2 Námsárangur

PISA er umfangsmikil alþjóðleg langtímarannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, náttúrufræði og stærðfræði. Niðurstöður fyrir þáttökulönd PISA sýna töliverðan mun á frammistöðu innfæddra nemenda og þeirra sem eru með erlendan bakgrunn. Þessar niðurstöður einskorðast ekki við Ísland heldur er þetta alþjóðleg tilhneiging. Nemendum, sem eiga annað móðurmál en það sem kennt er í skólum, gengur ekki jafn vel í þessum prófum og nemendum sem hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli (Schleicher, 2018). Þess ber að geta að PISA könnuninni er ætlað að mæla hversu vel þáttökulöndum tekst að undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lífi og starfi í hverju landi.

Hins vegar var munur á innfæddum og aðfluttum nemendum hér á landi einn sá mesti af öllum þátttökubjóðum PISA árið 2015 og hafði aukist jafnt og þétt frá árinu 2000 þegar prófið var fyrst lagt fyrir (Menntamálastofnun, 2015; OECD, 2019a). Árið 2018 hafði munurinn aftur á móti lækkað úr 115 stigum í 74 stig. Þar sem þessi hópur nemenda er mjög lítill getur breytingin þó verið tilviljunum háð. Þó ber að geta að ekki var munur á árunum 2015 og 2018 hvað varðar lengd þess tíma sem nemendurnir höfðu búið á Íslandi. Hlutfall fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda undir 2. hæfniprepi hafði einnig lækkað úr 57% í 51% á milli áruna 2015 og 2018. Það er samt sem áður alvarleg staða að árið 2018 skuli einungis annar hver íslenskur nemandi af erlendum uppruna ná 2. hæfnisprepi lesskilnings og er það undir meðaltali OECD ríkjanna (Menntamálastofnun, 2019). Ekki hefur tekist að koma til móts við námslegar þarfir nemenda sem hafa búið hér alla ævi en þeir ná litlu meiri árangri en fyrsta kynslóð innflytjenda.

2.3 Brotthvarf

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla er alvarlegt vandamál, ekki einungis fyrir skóla-yfirvöld og menntastofnanir, heldur er brotthvarf einnig félagslegt vandamál sem getur haft margþætt áhrif á einstaklingana og samfélagið allt. Ungmenni sem ekki ljúka framhaldsskóla standa verr að vígi á vinnumarkaði og eru líklegri til að eiga í ýmsum félagslegum og heilsutengdum vanda síðar meir (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018). Erlendar rannsóknir hafa sýnt að brotthvarfsnemendur eru líklegri til að verða atvinnulausir og einnig er glæpatíðni hærrí meðal þeirra (Lamb og Markussen, 2011).

PISA niðurstöður gefa vísbendingu um að nemendur af erlendum uppruna séu í aukinni brotthvarfshættu, þar sem líkur á brotthvarfi í framhaldsskóla eru nátengdar fyrri námsárangri í grunnskóla (Menntamálastofnun, 2015). Í samantekt Eurydice kemur fram að tíðni brotthvarfs úr námi hjá nemendum af erlendum uppruna í Evrópu er marktækt hærrí en innfæddra (European Commission, 2019). Rannsóknir í nágrannalöndun benda einnig til þess að nemendur af erlendum uppruna séu líklegri til að hætta í framhaldsskóla en nemendur sem tilheyra menningu meirihlutans (Markussen, Lödding, Sandberg og Vibe, 2006).

Umfjöllun um brotthvarf hér á landi hefur verið nokkuð misvísandi þar sem mismunandi skilgreiningar og viðmið hafa verið notuð.¹ Einnig teljast skiptinemar, sem koma til ársdvalar á Íslandi, með innflytjendum sem myndar skekkju bæði í fjölda innflytjenda og brotthvarfi. Árgangsbrotthvarf innflytjenda er talsvert lægra þegar leiðrétt hefur verið fyrir skiptinimum.

¹ Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla hefur verið skilgreint á þrennan hátt:

Árgangsbrotthvarf (birt af Hagstofu Íslands): mælir námsframvindu innritunarárgangs eftir ákveðið tímabil, t.d. 4, 6 og 7 ár. Hversu stór hluti hefur horfið frá námi (ekki í námi/ekki útskrifaður), er enn í námi eða er útskrifaður. *Snemmbært brotthvarf* (birt af Eurostat/Eurydice): er hlutfall fólks á aldrinum 18–24 ára sem hefur ekki lokið prófi á framhaldsskólástigi sem er a.m.k. 2 ár að lengd og er ekki skráð í nám eða starfsþjálfun. *Árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla* (ný mæling ráðuneytisins): er það brotthvarf sem á sér stað úr námi á framhaldsskólástigi á hverju skólaári og er skilgreint sem hlutfall nemenda sem hættir í aðalskóla (þar sem nemandi er skráður í flestar einingar) á viðkomandi skólaári án þess að útskrifast og fer ekki í annan framhaldsskóla.

Skólasókn nemenda getur gefið ákveðna vísbendingu um brotthvarf. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla minni en skólasókn annarra nemenda. Hlutfallslega færri nemendur með erlendan bakgrunn byrja í framhaldsskóla við 16 ára aldur en innlendir og hlutfallið sem sækir framhaldsskóla lækkar fyrir hvert aldursár. Á 19. aldursári sækja 68.5% innendra framhaldsskóla borið saman við 23.7% innflytjenda. Þessar tölur gefa vísbendingu um að brotthvarf úr framhaldsskóla sé algengara meðal innflytjenda en innendra. Sömu sögu er að segja varðandi skólasókn í háskóla. Heilt yfir er skólasókn innflytjenda í háskóla mun minni en skólasókn innendra (Hagstofa Íslands, 2019a).

Þó að brotthvarf innflytjenda úr framhaldsskólum hafi lítið verið rannsakað hér á landi bendir ýmislegt til þess að brotthvarf þessa hóps sé mun meira en innendra. Nýleg íslensk rannsókn sýnir að mikill munur er á útskriftarhlutfalli úr framhaldsskóla eftir fyrsta tungumáli nemenda. Þeir sem höfðu íslensku sem annað tungumál voru mun ólíklegri til að hafa lokið framhaldsskólanámi 23 til 26 ára en aðrir nemendur (Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir, 2016).

Niðurstöður eigindlegar rannsóknar, sem skoðaði þau úrræði sem íslenskir og norskir framhaldsskólar nota til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda, benda til þess að áherslur í málefnum nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum í báðum löndum snúist fyrst og fremst um að styðja þá til að ná tókum á tungumáli viðkomandi lands og að þeir aðlagi sig að menningu meirihlutans. Framhaldsskólarnir unnu ekki markvisst gegn félagslegri mismunun og menningarauður (e. cultural capital) innflytjenda var ekki virkjaður í skólunum nema að takmörkuðu leyti (Rósa Björg Þorsteinsdóttir, 2013).

Samantekt

Íslenskt skólakerfi virðist eiga í erfiðleikum með að koma til móts við börn með erlendan bakgrunn. Þeim vegnar verr í skólanum en jafnöldrum þeirra. Ekki einungis er námsleg staða þeirra slakari en jafnaldra þeirra samkvæmt niðurstöðum PISA prófa, heldur hverfa þau frekar frá námi í framhaldsskóla, hafa lakari félagslega stöðu og líður verr í skólanum. Margir kennarar telja sig illa í stakk búna til að kenna þessum hópi og finnst þeim eigi erfitt með að sníða skólastarfið.



3. Íslensk löggjöf og stefnumótun

Í þessum kafla er gerð grein fyrir með hvaða hætti fjallað er um málefni barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumála bakgrunn í íslenski löggjöf og stefnumótum. Sjónum er einkum beint að skólakerfinu og stefnumótun í menntamálum.

3.1 Lög um málefni innflytjenda

Markmið laga um málefni innflytjenda nr. 116/2012 er að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Hlutverk Fjölmeningarseturs er skilgreint í lögnum en það er m.a. að veita stjórnvöldum og sveitarfélögum ráðgjöf í tengslum við málefni innflytjenda. Þá er í lögnum fjallað um skipan og hlutverk innflytjendaráðs sem m.a. er að vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og stuðla að samhæfingu og samráði á milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar. Lögin kveða á um að starfrækja skuli þróunarsjóð innflytjendamála í þeim tilgangi að efla rannsóknir og styðja þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda þeim þátttöku í íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá.

Lögin kveða á um að ráðherra skuli leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn annarra ráðuneyta, stofnana, Fjölmeningarseturs og innflytjendaráðs. Framkvæmd, ábyrgð og kostnaður verkefna skulu tilgreind í áætluninni ásamt því hvernig mati á árangri aðgerða skuli háttað. Fjórða hvert ár skal ráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun í málefnum innflytjenda þar sem meðal annars kemur fram mat á stöðu og árangri verkefna í gildandi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda á hverjum tíma auk umfjöllunar um stöðu og þróun í málefnum þeirra á helstu sviðum samfélagsins í samræmi við markmið laganna (Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012).

3.2 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016–2019 byggir á fimm stöðum, þ.e. samfélagið, fjölskylda, menntun, vinnumarkaður og málefni flóttafólks. Alls er um að ræða 30 aðgerðir sem miða að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum.

Sex aðgerðir falla undir menntastöð en allar aðgerðirnar miða með einum eða öðrum hætti að því að nýta menntun og mannauð innflytjenda, þeim sjálfum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar hefur verið unnið að gerð

samræmde móturmálsvísir á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem fellur undir aðgerð C.1. *Jöfn tækifæri til náms*. Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er unnið að Menntastefnu 2030 þar sem áhersla verður lögð á nemendur með annað móturmál en íslensku og jafnrétti til náms. Starfshópur um heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móturmál en íslensku er liður í þeirri vinnu. Hafin er endurskoðun aðalnámskráa leik- og grunnskóla þar sem sérstaklega verður horft til nemenda með annað móturmál en íslensku.

Aðgerð C.2. *Virkt tvítýngi/fjöltýngi* hefur það að markmiði að auka vægi móturmálskennslu hjá nemendum af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Starfshópur um heildarstefnumörkun fyrir nemendur með annað móturmál en íslensku (sjá C.1) mun leggja fram aðgerðaáætlun sem snýr að leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Þriðja aðgerðin, C.3. *Aðgerðir gegn brotthvarfi úr námi*, hefur það að markmiði að fjölga nemendum sem útskrifast úr framhaldsskólum og hafa annað móturmál en íslensku.

Menntamálastofnun var falið að halda utan um verkefnið *Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum* sem var til þriggja ára, frá 2016-2018 (Menntamálastofnun, 2018). Verkefnið fól í sér ýmiskonar aðgerðir til að auðvelda framhaldsskólum um land allt til að styðja við nemendur í brotthvarfsáhættu. Meðal aðgerða var að Menntamálastofnun sá til þess að skimunarpróf voru lögð fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að kortleggja hvers konar áhættuþættir einkenna nemendahóp viðkomandi skóla og annaðist umsýslu með styrkjum til aðgerða í skólum sem tóku mið af aðgerðaráætlun verkefnis og skimunarniðurstöðum. Hugtakanotkun tengd menntamálum á Íslandi hefur verið nokkuð á reiki en unnið var að því að samræma hana, ekki síst til þess að varpa skýrara ljósi á þróun málaflokksins og styðja við árangursmælingar. Liður í því var að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hagstofa Íslands hafa sammælt um hugtakanotkun sína um brotthvarf þar sem mismunandi mælingar fá nú lýsandi heiti. Með þessu verður unnt að aðgreina mælingar á einfaldan hátt sem stuðlar að markvissari umræðu um brotthvarf. Þrír helstu flokkar brotthvarfs sem notaðir eru við mælingar eru: ágangsbrotthvarf, snemmbært brotthvarf og árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur unnið tölfræðigreiningu á brotthvarfi nýnema úr framhaldsskóla og niðurstöður sýna að nemendur með slakar einkunnir í íslensku og stærðfræði úr grunnskóla eru í meiri hættu á því að hverfa brott frá námi í framhaldsskóla en nemendur með hærra einkunnir. Snemmbær stuðningur í leik- og grunnskólum er því mjög mikilvægur til að stuðla að betri undirbúningi nemenda fyrir nám á framhaldsskólastigi og til að vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskóla.

Fjórða aðgerð undir menntastoð er C.4. *Íslenskukennsla fyrir fullorðna*. Markmið aðgerðarinnar er að efla gæði og framboð íslenskukennslu fyrir innflytjendur þannig að íslenska nýtist einstaklingum til virkrar þátttöku í samfélaginu og að sérstaklega verði hugað að foreldrum skólabarna sem ekki tala íslensku. Rýnihópur var að störfum innan mennta- og menningarmálaráðuneytis um endurskoðun á tilhögun og námskrám íslenskukennslu fyrir fullorðna í tengslum við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Í framhaldinu var skipaður samráðshópur um ýmis fagleg málefni sem verður samráðsvettvangur til þess að halda áfram umfjöllun um málefni markhóps framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010.

Meginvandi íslenskukennslu fyrir útlendinga er fjárskortur, en framlög til málaflokksins hafa staðið í stað og því ekki verið svigrúm til þess að sinna þróunarverkefnum, námskráeða námsgagnagerð. Vilji er til þess í mennta- og menningarmálaráðuneytinu að gera átak í að efla málaflokkinn í heild. Markmið með aðgerð C.5. *Menntun samfélagstúlka* er að auka hæfni og menntun samfélagstúlka. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur í samstarfi við Reykjavíkurborg skoðað kosti þess að koma á samræmdum stöðuprófum og/eða námskeiðum fyrir samfélagstúlka. Námskrá um samfélagstúlkun hlaut í júní 2019 vottun Menntamálastofnunar á grundvelli laga um framhaldsfræðslu en vinna við gerð námskrárinnar hófst árið 2017 hjá Mími.

Aðgerð C.6. *Mat á menntun* hefur það að markmiði að einfalda feril við mat á menntun innflytjenda en verkefnið Viska (Visible Skills of Adults) er dæmi um verkefni sem unnið er í anda þessarar aðgerðar (Alþingi, 2016).

3.3 Aðalnámskrá – grunnþættir menntunar

Sex grunnþættir, sem mynda kjarna íslenskrar menntastefnu, eru settir fram í aðalnámskrám skólastiganna frá 2011. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa samfellu í íslensku skólakerfi. Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og endurspeglast í inntaki námsgreina og námssviða (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

3.4 Leikskólinn

Í markmiðsgrein laga um leikskóla segir að starfshættir leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Jafnframt að leikskólastarf skuli leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (Lög um leikskóla nr. 90/2018; Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012).

Í Aðalnámskrá leikskóla endurspeglast sú lýðræðissýn sem sett er fram í sameiginlegum hluta námskráanna. Þar kemur fram að leikskóli eigi að vera vettvangur þar sem leggja beri áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag, samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum. Virða skal rétt allra sem þar dvelja og byggja á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu, viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum og virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Lögd er áhersla á að starfsfólk leikskóla sýni fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu virðingu og skilning og virði sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings. Til að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmýnd þarf að byggja á styrkleikum þeirra og hæfni og virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings. Í námskránni er jafnframt kveðið á um að í leikskóla beri að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti, tjá sig með fjölbreyttum hætti og kynnast tungumálinu og möguleikum þess og nýta tækifærin sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Nú er unnið að umfjöllun um íslensku sem annað mál í aðalnámskrá leikskóla.

3.5 Grunnskólinn

Í 16. gr. laga um grunnskóla kemur fram að gera eigi móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Kennsla skal fara fram á íslensku en heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum náms sviðum. Tryggja skal að nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólustarf. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu

tungumáli. Í 18. gr. kemur fram að grunnskólar eigi að tryggja að foreldrum sem ekki tala íslensku standi til boða túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Hæfni í íslensku er talin meginforsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í lýðræðis- og jafnréttissamfélagi og að móðurmál nemenda geti orðið góður stuðningur í kennslu og námi. Hvetja skal foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi. Mikilvægt er talið fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir fái stuðning við að viðhalda því. Skipulag kennslu íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig ber að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi. Hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. talað mál og hlustun, lestur, bókmenntir og ritun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Nú er unnið að endurskoðun kafla um íslensku sem annað mál í aðalnámskrá grunnskóla.

3.6 Framhaldsskólinn

Í lögum um framhaldsskóla segir að hlutverk framhaldsskóla sé að stuðla að almennum þroska nemenda og að búa þá undir þátttöku í atvinnulífni og frekara nám. Allir nemendur framhaldsskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Kennsla skal fara fram á íslensku en heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum. Þar segir einnig að framhaldsskólar skuli setja sér móttökuáætlanir. Nemendur, sem hafa annað móðurmál eða litla kunnáttu í íslensku, eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, óski þeir þess (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla segir einnig að framhaldsskólar skuli koma til móts við þarfir nemenda af erlendum uppruna með kennslu í íslensku, fræðslu um íslenskt samfélag og menningu, liðsinni við heimanám og með jafningjastuðningi. Auk þess að gera móttökuáætlun skulu framhaldsskólar gera einstaklingsnámskrár. Framhaldsskólum er heimilt að meta móðurmál nemenda til eininga í stað annars erlends tungumáls. Nemendur, sem hafa dvalið utan Norðurlandanna, geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál. Nemendur, sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla, geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2011).

3.7 Frístundaheimili

Samkvæmt lögum skal öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins (Lög um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008).

Starfshópur mennta- og menningarráðuneytisins um frístundaheimili fyrir 6–9 ára börn lagði áherslu á frístundastarf sem mikilvægan vettvang í þróun samfélagsins. Í frístundastarfi án aðgreiningar, í fjölbreytilegum barnahópi, búa börn sig undir það að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi margbreytileikans (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018). Starfshópurinn setti fram eftirfarandi viðmið:

Að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra.

Umhverfi starfsins einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Viðmiðin voru sett fram í fjórum víddum:

1. Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni.
2. Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
3. Lýðræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi.
4. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju.

3.8 Hvítbók um umbætur í menntun

Hvítbók um umbætur í menntun, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014, fjallar um stöðu íslenska menntakerfisins og lögð eru fram drög að áherslum og aðgerðum. Megináhersla er lögð á að bæta árangur í lestri og námsframvindu í framhaldsskólum. Þar er einnig lýst áhyggjum af því að nemendur af erlendum uppruna nái ekki að fóta sig í grunnskólum þar sem árangur þeirra í lestri er mun lakari en hinna sem hafa íslensku að móðurmáli. Lagt er til að nemendur af erlendum uppruna njóti sérstaks stuðnings með það fyrir augum að þeir nái sömu færni í lesskilningi og aðrir nemendur. Jafnframt er bent á að staða drengja sé sérstakt áhyggjuefni og að huga þurfi að því hvernig bæta megi frammistöðu nemenda á landsbyggðinni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014).

3.9 Menntun fyrir alla

Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kveður á um að á grunnskólastigi eigi allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í almennum grunnskólum án aðgreiningar. Í því felst að nemendur af erlendum uppruna eiga að geta sótt nám í sínum heimaskóla. Evrópumíðstöðin gerði úttekt á stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Úttektin fór fram árið 2016 í samstarfi við alla aðila sem hlut eiga að máli og tók hún til leik-, grunn- og framhaldsskóla, stofnana sem annast umsýslu fjárveitinga og allra hópa skólasamfélagsins. Gagnasöfnun fór fram með þrennum hætti; söfnun upplýsinga um grundvallar- eða lykilatriði sem fjallað er um í stefnumarkandi skjölum, skýrslum, greinum og á vefsíðum, vettvangsathugunum og netkönnun. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ekki er sameiginlegur skilningur á hugtakinu menntun án aðgreiningar og þar af leiðandi ríkir óöryggi um framkvæmd stefnunnar og hvernig beri að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda í skólastarfi. Kallað er eftir skýrari leiðsögn um hvernig standa beri að því að fella þessi viðmið inn í námsáætlanir og framkvæma þær í skólunum, og skýrari fyrirmæli um hvernig beri að haga eftirliti með árangri (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017). Í skýrslunni eru settar fram tillögur um aðgerðir í sjö þáttum:

1. Allir í skólasamfélaginu sjái í menntun án aðgreiningar leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun.
2. Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar hafi það markmið að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri.
3. Stefnunni, sem mörkuð hefur verið á sviði menntunar án aðgreiningar, sé komið til framkvæmda með árangursríkum hætti á öllum skólastigum.
4. Öllum í skólasamfélaginu, á öllum stigum kerfisins, sé gert kleift að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi.
5. Ráðstöfun fjármuna taki mið af sjónarmiðum um jöfnuð, skilvirkni og hagkvæmni.
6. Stjórnunarhættir og gæðastjórnunaraðferðir tryggi að stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar án aðgreiningar nái fram að ganga á samhæfðan og árangursríkan hátt.
7. Unnið sé að faglegri starfsþróun á árangursríkan hátt á öllum stigum kerfisins.

3.10 Stefnumörkun Kennarasambands Íslands

Kennarasamband Íslands (KÍ) ályktaði um menntun og farsæld nemenda með annað móðurmál en íslensku á þingi sínu vorið 2018. KÍ telur stjórnvöld og skólakerfið vera í lykilhlutverk varðandi velferð þessa barnahóps. Í samþykktinni kemur fram að nauðsynlegt sé að jafna lagalega stöðu barna og ungmenna og jafna rétt þeirra til menntunar og stuðnings.

Til þess að slíkt sé mögulegt þarf að tryggja framboð á námsgögnum og kennslu fyrir nemendur í íslensku sem öðru tungumáli. Veita þarf foreldrum og börnum upplýsingar og ráðgjöf um íslenskt skólakerfi við komu þeirra til landsins. Einnig þurfa kennarar og skólar stuðning og ráðgjöf og tryggja þarf samræmi í móttöku við nemendur í skólum og sveitarfélögum. Þá er mikilvægt að skólar vinni markvisst gegn aðgreiningu nemenda af erlendum uppruna frá öðrum nemendum í skólanum og auki þekkingu á málefnum innflytjenda, flóttamanna og umsækjenda með alþjóðlega vernd.

Mikilvægt er að KÍ skipuleggi vettvang fyrir kennara til að hittast og deila aðferðum og reynslu og styðji við starfspróun kennara með því að miðla upplýsingum og fræðslu til þeirra. KÍ telur einnig nauðsynlegt að Alþingi, stjórnvöld og skólasamfélagið standi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um menntun og farsæld nemenda með annað móðurmál en íslensku.

3.11 Stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018–2022

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur velferð barna að leiðarljósi í stefnumörkun sinni um skóla- og frístundastarf. Áhersla er lögð á að efla félagsfærni, frumkvæði og gagnrýna og skapandi hugsun nemenda. Sambandið hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga sérstaklega að skólagöngu barna með íslensku sem annað tungumál í góðu samstarfi við foreldra og frjáls félagasamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aðgengi allra barna að íslenskunámi, stuðning við móðurmál og virka þátttöku í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi allt frá leikskólaaldri. Sambandið hvetur til samstarfs við mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags- og barnamálaráðuneyti og félagasamtök um aðgerðir til að vinna gegn skólaforðun grunnskólanemenda og brotthvarfi nemenda úr framhaldskólum með áherslu á samfellu í þjónustu við börn og ungmenni (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2018).

3.12 Íslensk málnefnd. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2018

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls (Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011). Eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Í ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu árið 2018 er lýst áhyggjum af stöðu íslenskunnar „í ólgusjó alþjóðavæðingar“ og tilhneigingu til ensku-notkunar landans.

Málið er einnig rætt út frá sjónarhóli innflytjenda og bent á að staða margra nemenda af erlendum uppruna í íslenskum skólum sé veik, þörfum þeirra illa sinnt og algengt að þeir flosni upp úr námi. Undirbúningur og endurmenntun kennara til að skipuleggja kennslu nemenda af erlendum uppruna er talin ófullnægjandi. Nefndin telur ástæðu til að óttast að verði aðfluttum Íslendingum ekki auðveldað að ná tökum á íslensku aukist líkur á aðgreindu samfélagi þar sem misrétti blómstrar og lífsgæðum stórra hópa er ógnað. Þá fagnar Íslensk málnefnd tillögum mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir til eflingar íslenskrar tungu og þeirri hugmynd að þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til íslenskunáms í samræmi við þarfir hvers og eins og menntakerfið verði styrkt til að sinna nýjum fjöltyngdum og fjölmenn- ingarlegum nemendahópi (Íslensk málnefnd, 2018).

3.13 Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Í þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (Þingskjal nr. 1750/2018-2019) er lögð áhersla á að þeir, sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku, fái viðeigandi og jafngild tækifæri til íslenskunáms og stuðning í samræmi við þarfir sínar. Áhersla verði lögð á að auka hæfni kennara í íslensku og að þeir hafi tök á fjölbreyttum kennsluháttum til að kenna íslensku bæði sem móðurmál og sem annað mál.

Í þingsályktuninni er bent á að styrkja þurfi menntakerfið svo það verði fært um að takast á við fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp. Jafnframt að vinna þurfi heildstæða aðgerðaáætlun um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku þar sem leiðarljósið er virkt tvítyngi og að nemendur af erlendum uppruna standi jafnfætis jafnöldrum sínum sem hafa íslensku að móðurmáli (Þingskjal nr. 631/2018–2019). Í grein- argerð kemur fram að góð færni í tungumáli sé undirstaða annars tungumálanáms. Hægt er að læra tungumál samhliða eða hvert á eftir öðru og að börn þurfi tækifæri til að ná færni í tungumálum í málumhverfi sínu. Þá er einnig bent á mikilvægi þess að hvetja foreldra til að rækta og þróa eigið móðurmál og styðja við íslenskunám barna sinna (Þingskjal nr. 1667/2018-2019).

3.14 Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda starfaði frá árinu 2016 til 2019 og skilaði nýlega skýrslu með tillögum að aðgerðum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2019). Ráðið var skipað samtals tuttugu fulltrúum; frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands og háskólum sem mennta kennara. Nú á tímum örra samfélags- og tæknibreytinga samfara auknum kröfum til skóla um að sinna fjölbreyttum hlutverkum og „vera fyrir alla“ blasir við að starf kennara og skólastjórnenda er margþætt og kallar á að stöðugt sé tekist á við nýjar aðstæður. Í skýrslunni kemur fram að starfsþróun þessara fagstétta sé ekki nógu markviss hérlandis. Samstarfsráðið lagði fram sautján tillögur, undir átta ólíkum yfirskriftum, sem ætlað er að bæta úr þessu. Meðal þeirra tillagna sem þar eru nefndar er að ríki og sveitarfélög tryggji í sameiningu að allir skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi til starfsþróunar, Menntamálastofnun bjóði kennurum og skólastjórnendum tækifæri til starfsþróunar í tengslum við verkefni stofnunarinnar, háskólum verði formlega ætlað að koma að starfsþróun, skólastjórar hafi menntun sem styður við leiðtogahtutverk þeirra og að allir skólar landsins vinni að því að byggja upp lærdómssamfélag í samvinnu við aðra skóla og stofnanir. Auk þess er lagt til að fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að jafna aðgengi kennara og skóla að starfsþróun.

Samantekt

Leiðarstef í íslenskri löggjöf og stefnu, sem lýtur að menntun barna af erlendum uppruna, er áhersla á jöfn tækifæri til náms og að skólar vinni markvisst gegn aðgreiningu nemenda af erlendum uppruna frá öðrum nemendum. Lögð er áhersla á að skólar viðurkenni og kynni sér menningar- og félagsauð barna og ungmenna af erlendum uppruna og líti á fjölbreytileika sem styrk en ekki veikleika. Kveðið er skýrt á um að börn með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í samræmi við þarfir sínar, auk þess sem lögð er áhersla á að þau hafi tækifæri til að rækta eigin móðurmál og menningu.

Lýðræði er ein megingrunnstoðin í aðalnámskrám skólastiganna og stefnu um frístundaheimili. Áhersla er lögð á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu, viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum og virðingu fyrir margbreytileika og öðrum menningarheimum. Í námskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um að gera skuli móttökuáætlun fyrir nemendur, sem eru nýkomnir til landsins, sem tekur mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.



4. Alþjóðlegar áherslur

Í þessum kafla er fjallað um alþjóðlegar stefnur og áherslur er varða menntun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Dregnar eru saman megin áherslur og skilaboð sem kveðið er á um í samþykktum og stefnum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norrænu ráðherranefndarinnar.

4.1. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Samningur Sameinuðu þjóðanna (Sb) um réttindi barnsins eða Barnasáttmálinn, eins og hann er oft kallaður, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn séu hópur sem þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að réttinda þeirra hafi ekki verið nægilega gætt í fyrri mannréttindasamningum. Jafnframt felst í honum staðfesting á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Kveðið er á um að börn hafi rétt til að láta í ljósi skoðanir í sínar í öllum málum sem þau varða. Það þarf að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir, auðvelda þeim að tjá skoðanir sínar, hlusta á þau og bregðast við sjónarmiðum þeirra. Í 29. grein sáttmálans kemur fram að menntun barns skuli beinast að því að:

- a. móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallar-sjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.
- b. móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.
- c. undirbúa það til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

Samningurinn gildir fyrir öll börn á aldrinum 0 til 18 ára og kveður á um að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna, félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns. Kveðið er á um að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni réttindi og virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I hluti/1989).

Árið 2017 gáfu Barnaréttindanefnd SP og Nefnd SP um farandlaunþega út tvær almennar athugasemdir við samninginn þar sem sérstaklega er kveðið á um rétt barna sem hafa annan menningarlegan, trúarlegan eða tungumálabakgrunn. Í athugasemdunum er sérstaklega tekið fram að á tímum alþjóðlegra fólksflutninga séu börn í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Í fyrsta lagi sem börn og í öðru lagi sem börn sem hafa orðið fyrir áhrifum fólksflutninga. Lögð er áhersla á að þau eigi sama rétt og önnur börn og sömuleiðis rétt á að taka þátt í eigin menningu, trúarbrögðum og rækta móðurmál sitt (Sameinuðu þjóðirnar, 2017).

4.2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Fjórða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna snýr að menntun fyrir alla og fjallar um að tryggja skuli jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stöðuskýrsla, 2018). Stefnt er að því að eigi síðar en árið 2030 verði m.a. tryggt:

- að öll börn ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.
- að öll börn eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri og fá umönnun og menntun í leikskólum til að búa þau undir grunnskóla.
- að öllum einstaklingum verði tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.
- að ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu hafi fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- að kynjamismunun í menntakerfinu hafi verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður sem og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.
- að öll ungmenni og stór hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tókum á lestri og skrift og öðlast talnaskilning.
- að allir nemendur fái nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því m.a. að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

-
- að byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.
-
- að framboð á menntuðum og hæfum kennurum hafi verið aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.
-

Á fundi UNESCO um heimsmarkmiðin í desember 2018 með fulltrúum menntamálaráðherra frá öllum heimsálfum var samþykkt ályktun um nokkur lykilatriði sem leggja beri sérstaka áherslu á við innleiðingu heimsmarkmiðanna á næstu árum. Meðal þeirra áhersluþátta er menntun fyrir alla, lýðræði auk þess sem félagslegt réttlæti er áréttað. Að auki ítrekar ályktunin skuldbindingar aðildarríkjanna um að fagna fjölbreytileikanum og að skólinn byggji á þeirri hæfni, reynslu og færni sem innflytjendur hafa til að bera (UNESCO, 2018).

4.3. Skýrsla UNESCO um innflytjendur

Nýleg ítarleg skýrsla UNESCO um innflytjendur (Migration, displacement and education. Building bridges, not walls) dregur saman niðurstöður alþjóðlegra kannana og gagnasafna um fólksflutninga, flóttafólk og menntun og byggir á fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um Menntun fyrir alla sem segir: *Tryggja skal jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.*

Bent er á að aukinn fjölbreytileiki í nemendahópnum feli í sér áskoranir og tækifæri til þess að læra af reynslu annarra og menningu. Áréttað er að innflytjendur skuli hafa jöfn tækifæri og eiga aðgang að skólakerfinu en raunveruleikinn er oft jaðarsetning, auk þess sem börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd fá oft litla eða enga menntun.

Umbætur í menntakerfinu geta hjálpað innflytjendum og flóttamönnum að nýta hæfileika sína og aðgangur að gæða leikskólastarfi er mikilvægur. Endurskoða þarf með hvaða hætti menntun felur í sér möguleikann á því að þróa samfélag án aðgreiningar – að hjálpa fólki til að búa saman en ekki eingöngu umbera hvert annað. Samlögungun var aftur á móti viðtekin venja í menntakerfum flestra vel stæðra ríkja sem tóku á móti verkafólki að lokinni heimstyrjöldinni síðari en þetta er að breytast. Nú hafa 21 eitt ríki í hópi vel stæðra ríkja tekið upp fjölmenningarlega stefnu í námskrá frá árinu 1980. Meðal þeirra eru Ástralía og Kanada.

Litið er á hlutverk menntunar sem leið til að tryggja að enginn sé undanskilinn og að sett séu markmið sem leið til framfara, þannig að innflytjendur og flóttafólk eigi möguleika á fullri þátttöku í samfélagi manna víða um heim. Í skýrslunni eru settar fram sjö meginráðleggingar fyrir menntakerfi heims:

1. Vernda þarf rétt innflytjenda og flóttafólks til menntunar.
2. Gefa þarf innflytjendum og flóttafólki aðgang að menntakerfinu og laga kerfið að þörfum þeirra.
3. Skapa þarf þekkingu og skilning á námslegum þörfum innflytjenda og flóttafólks.
4. Sýna þarf innflytjendur og flóttafólk á sanngjarnan og viðeigandi hátt, t.d. í námsgögnum, til að koma í veg fyrir fordóma.
5. Undirbúa þarf kennara, sem kenna innflytjendum og flóttafólki, að vinna með fjölbreytileikann og koma til móts við þarfir þeirra sem hafa upplifað mikið harðræði. Kennarar eru oft illa undirbúnir til að vinna í fjöltyngdum bekkjum og styðja nemendur námslega og sálfélagslega.
6. Byggja þarf á styrkleikum, getu og möguleikum innflytjenda og flóttafólks og skapa miklar væntingar til þeirra. Lykilatriði er að þessir nemendahópar séu ekki aðskildir frá jafnöldrum, annaðhvort sem sérhópur eða með nemendum sem eiga við sértækan námsvanda að stríða eða þeim beint á námsleiðir sem gera minni kröfur.
7. Styðja þarf við námslegar þarfir og menntun innflytjenda og flóttafólks sem njóta mannúðaraðstoðar (UNESCO. Global education monitoring report, 2019).

Í skýrslunni er áréttað að í menntun felist mikil tækifæri til að koma til móts við þarfir innflytjenda til að þeir eigi góða framtíðarmöguleika í samfélaginu. Hætta er á að færni þessara nemenda í tungumáli samfélagsins sé lakari en jafnaldra en það getur leitt til þess að þeir nái ekki að tengjast jafnöldrum félagslega, verði fyrir einelti og þrúi lágt sjálfsmat. Dregin eru fram þrjú megináhersluatriði í menntun þessa hóps sem gegna lykilhlutverki til að greiða þeim leið í námi: Í fyrsta lagi að börnin gangi í leikskóla, í öðru lagi að þau fái sérstakan stuðning í tungumálanáminu og öðru námi og í þriðja lagi að þau séu ekki aðskilin frá jafnöldrum, á sérstakri námsleið eða í sérstökum skólum.

4.4. Hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun

Samkvæmt stofnskrá Evrópuráðsins er ráðinu ætlað að efla samvinnu aðildarríkjanna með m.a. það að markmiði að standa vörð um mannréttindi, réttarríkið og efla mannleg gildi og lýðræði. Því leikur sáttmálinn stórt hlutverk varðandi velferð þegna af erlendum uppruna, sem rannsóknir sýna að hættir til að vera jaðarhópur samfélagsins, allt frá leikskóla til fullorðinsára. Sáttmáli Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun frá árinu 2010 hefur átt mikilvægan þátt í að stuðla að frekari samvinnu meðal aðildarríkjanna, efla samkennd og styrkja hugsjónir um mannréttindi og lýðræði.

Evrópuráðið hefur nú sett fram hæfniramma um lýðræðis- og mannréttindamenntun sem samþykktur var af menntamálaráðherrum aðildarlanda Evrópuráðsins árið 2016 (Evrópuráðið, 2019b). Hæfniramminn nær til allra skólastiga og fullorðinsfræðslu og er ætlað að auka gildi og fylgja eftir Mannréttindasáttmála ráðsins. Hæfniramminn skiptist í; gildi, viðhorf, færni, þekkingu og gagnrýnan skilning (sjá mynd 1).



Mynd 1. Hæfniramma Evrópuráðsins.

Meðal lykilorða í innleiðingu á hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðislegt skólastarf er stofnun EPAN tengslnets sérfræðinga frá öllum Evrópuráðsöndum sem vinna saman að innleiðingu rammans, bæði í Evrópu og almennt. Einnig er vitundarvakning um lýðræðislegan skóla fyrir alla sem hófst árið 2018 mikilvægur hluti innleiðingar og mun innleiðing í aðildarlöndunum standa til ársloka 2021. Markmiðið með vitundarvakningunni er m.a. að innleiða hæfnirammann, útbúa tengslnet skóla og safna upplýsingum frá skólum aðildarlanda um lýðræðisverkefni. Fyrirhugað er að þróa og setja á heimasíðuna hjálpargögn sem auðvelda tengsl skólanna innbyrðis (Council of Europe, 2019).

4.5. Evrópski tungumálaramminn

Evrópuráðið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á mikilvægi tungumálanáms í aðildarlöndum sem tæki til að efla gagnkvæman skilning og frið. Evrópuráðið hefur brugðist við þörfum aðildarríkja sinna um samræmingu tungumálanáms með því að vinna sameiginlega staðla sem notaðir hafa verið innan Evrópu og víðar. Evrópski tungumálaramminn var fyrst gefinn út árið 2001 og endurskoðaður með viðbótum árið 2018. Evrópski tungumálaramminn hefur verið notaður hér á landi við gerð hæfniviðmiða í erlendum tungumálum. Tungumálaramminn er hluti af víðtækara hlutverki og markmiðum Evrópuráðsins í tengslum við menntun í Evrópu. Í rammanum má finna viðmið um tungumálanám, kennslu, námskrárgerð, námsgögn og námsmat. Rammanum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun tungumáls til samskipta, skilnings og tjáningar. Sett eru fram færniþrep sem eru skilgreind í töflum eftir færniþáttunum hlustun, lestur, samskipti, frásögn og ritun.

Rammanum er ætlað að stuðla að og auðvelda samstarf milli menntastofnana í ólíkum löndum, veita grundvöll fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á tungumálakunnáttu og að aðstoða nemendur, kennara og stjórnendur við að samræma áætlanir. Gert er ráð fyrir að nemendur læri fleiri en eitt tungumál og því er lögð áhersla á að kennsla og nám í einu tungumáli sé hugsað í samhengi við nám í öðru tungumáli (Council of Europe, 2018). Árið 2018 gaf ESB út tilmæli, byggð á Evrópska tungumálarammanum, um tungumálakennslu þar sem markmiðið er að ýta undir fjölbreytta tungumálafærni nemenda. Í tilmælunum segir að með því að læra fleiri tungumál aukist skilningur og hreyfanleiki milli landanna sem hvetji til aukinnar framleiðni, samkeppnishæfni og efnahagslegrar seiglu (Proposal for a Council recommendation on a comprehensive approach to the teaching and learning of languages, 2018).

Með auknum fjölda innflytjenda í Evrópulöndum er rammanum nú einnig ætlað að tryggja að allir þegnar fái tækifæri til að ná góðum tókum á tungumálum samfélagsins sem gerir þeim kleift að ná markmiðum sínum. Þannig er hægt að taka mið af rammanum við þróun kennsluhátta, námsgagna og hæfniviðmiða til að styðja markvisst við nemendur af erlendum uppruna. Þá er liður í rammanum að tungumálið eflist í gegnum nám í ýmsum fögum skólans og þess vegna ættu allir kennarar að öðlast færni og þekkingu á slíkum kennsluháttum.

4.6. Sáttmáli Evrópuráðsins um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa

Sáttmálinn er samkomulag sem unnið var á vegum Evrópuráðsins. Þar er lögð áhersla á svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa sem hluta af menningararfi Evrópu og að vernd þeirra og efling stuðli að því að byggja upp lýðræði og menningarlega fjölbreytni.

Sáttmálanum er ætlað að vernda og efla tungumálin og gera einstaklingum kleift að nota tungumál sín bæði í einkalífi og opinberu lífi. Aðildarríkjunum ber að veita virkan stuðning við notkun tungumálanna í menntun, dómstólum, stjórnsýslu, fjölmiðlum, menningu, efnahagslegu og félagslegu lífi og í samstarfi á milli landa. Evrópuráðið fylgist með því að sáttmálanum sé framfylgt.

Á sviði menntamála skuldbinda samningsaðilar sig til þess að leyfa nám, hvetja til náms eða bjóða einstaklingum, sem aldir eru upp við svæðisbundin tungumál, upp á nám á þeim málum á öllum skólastigum með fyrirvara um kennslu í opinberum tungumálum ríkis og ef fjöldi þeirra, sem nota það tungumál sé nægur til að réttlæta það (Evrópuráðið, 1992, 2019a).

4.7. OECD verkefni

4.7.1 Framtíðarsýn um menntun og hæfni 2030

Innan OECD er starfræktur vinnuhópur sem vinnur að sameiginlegri sýn á menntun árið 2030. Markmið hópsins er að styðja sérhvern nemanda til að vaxa og dafna sem einstaklingur, hámarka möguleika hans og móta framtíðar samfélag sem leggur áherslu á vellíðan í síbreytilegum heimi. Menntun mun skipta sköpum við að skapa þær aðstæður og lausnir sem þarf við mótun framtíðar. Verkefnið er nú í fasa tvö og verður sjónum beint að hæfni kennara og innleiðingu námskráa (OECD, 2019b).

4.7.2 Styrkur í gegnum fjölbreytileika

Verkefnið „Strength through Diversity” miðar að því að skilgreina hvernig menntakerfi geta stuðlað að jöfnuði og menntun fyrir alla með því að styðja við nám og velferð fjölbreytts nemendahóps. Meðal áhersluþátta verkefnisins eru; fólksflutningar, þjóðarbot og sýnilegir minnihlutahópar. Verkefnið er nú í öðrum fasa og ber yfirskriftina menntun fyrir alla (Education for Inclusive Societies) en þar verður sjónum m.a. beint að tungumálanámi, kynjavidd, námi án aðgreiningar, menningarlegum margbreytileika og málefnum innflytjenda (OECD, 2019d).

4.7.3 Aðlögunarhæfni nemenda með erlendan bakgrunn

Í skýrslu OECD um aðlögunarhæfni nemenda með erlendan bakgrunn er fjallað um þá þætti í lífi og aðstæðum barna sem hafa áhrif á vellíðan þeirra. Áhersla er lögð á mikilvægi fullgildis (e. belonging) í skóla og samfélagi og stuðning við nám. Þeir tveir þættir sem taldir eru stærsta hindrunin fyrir börn af erlendum uppruna, eru félags- og efnahagslegir þættir, og tungumálið. Nemendurnir eru iðulega jaðarsettir, í lágrí þjóðfélagslegri stöðu, með litla færni í tungumáli samfélagsins og þurfa jafnframt að taka upp nýja siði og taka þátt í nýrri menningu. Ítrekað er að færni í meirihluta tungumáli samfélagsins sé grundvöllur námsgengis en einnig félagslegrar og menningarlegrar þátttöku. Kennarar gegna veigamiklu hlutverki við að styðja við þennan barnahóp við að verða

fullgildir þátttakendur í skóla og samfélagi. Mikilvægt er að byggja á fyrri reynslu þeirra og veita þeim stuðning við að byggja upp námslega, félagslega og tilfinningalega seiglu. Fylgjast þarf vel með námsframvindu þeirra, og bjóða þeim markvissan stuðning í námi. Mikilvægt er að kennarar hafi færni og þekkingu til að koma til móts við ólíkar námslegar þarfir nemenda þannig að hver og einn fái þá aðstoð sem hann þarf. Lögð er áhersla á að nemendur af erlendum uppruna geti stundað tólmstundir og að foreldrar séu virkjaðir til samstarfs við skólana (OECD, 2018).

4.8. Norræna ráðherranefndin

4.8.1. Stefna um menntamál

Norræna ráðherranefndin leggur áherslu á menntun sem lykilinn að hæfni framtíðar og hefur sett fram 10 aðgerðasvið. Með sameiginlegri skilgreiningu á hæfni til framtíðar er þess vænst að íbúar Norðurlandanna verði í stakk búnir að mæta flókinni framtíð byggðri á þekkingu og hæfni. Þessi svið byggja á sameiginlegum gildum Norðurlandanna um lýðræði, tjáningarfrelsi, jafnrétti, heiðarleika og gagnsæi. Aðgerðarsviðin tíu eru:

1. Rannsóknir
2. Stuðningur við fyrri verkefni í menntakerfinu sem eru þvert á geira og stuðla að aðlögun.
3. Símenntun/starfsþróun
4. Frumkvöðlastarf og nýsköpun
5. Lýðræðisleg hæfni
6. Stafræn hæfni
7. Sjálfbær þróun
8. Málskilningur
9. Hreyfanleiki
10. Viðurkenning á hæfni

Áhersla er lögð á jákvætt viðhorf til tungumála og tengsl tungumála og menningar. Litið er svo á að góður skilningur á tungumálum og menningu stuðli að samkennd og auki líkur á námi og starfi í nágrannalöndum. Þverfagleg samvinna við að vinna með börnum í áhættuhópum er sett í öndvegi sem og mikilvægi þess að veita þeim börnum sem á þurfa að halda stuðning sem fyrst í skólakerfinu (Norræna ráðherranefndin, 2019).

4.8.2. Málstefna Norðurlanda

Norræn tungumálastefna byggist á því að allir Norðurlandabúar eigi rétt á:

- að læra eitt tungumál sem notað er í samfélaginu, tala það og skrifa, með það að markmiði að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu.
- að læra að skilja og þekkja eitt skandínavískt tungumál og öðlast skilning á öðrum skandínavískum tungumálum, með það að markmiði að geta tekið þátt í málsamfélagi Norðurlanda.
- að læra alþjóðatungumál með það að markmiði að geta tekið þátt í þróun alþjóðasamfélagsins.
- að standa vörð um og efla sitt eigið móðurmál og minnihlutamál í landi sínu.

Í tungumálastefnunni er fjallað um fjöltyngi og þess getið að um 200 tungumál, önnur en Norðurlandamál, eru móðurmál þeirra sem þar búa og að stöðugt fjölgar þeim tungumálum sem töluð eru á Norðurlöndunum. Bent er á ábyrgð gagnvart alþjóðasamfélaginu, einkum að þau tungumál sem ekki eru þjóðtungur í neinu landi lifi áfram og þróist og að öll minnihlutamál lifi áfram. Auk þess er lagt til að staða tákn mála verði styrkt (Norræna ráðherranefndin, 2006).

4.8.3 Skólinn sem undirstaða fullgildrar þátttöku – Skýrsla Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar

Skýrsla Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar leggur áherslu á að skólinn þurfi að vera vettvangur fyrir fullgilda þátttöku. Þar sé lagður grunnur að aðlögun allra að breyttu skólasamfélagi. Líta þarf á skólaumhverfið sem vettvang móttöku, virkrar þátttöku og menntunar fyrir nýkomnar fjölskyldur. Fyrir þá nemendur sem eru nýfluttir til landsins getur skólinn virkað sem brú á milli fjölskyldulífs og lífs í nýju landi. Til að árangur náist er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að byggja á fyrri reynslu, styrkleikum barnanna og stöðu þeirra í námi. Bent er á að væntingar til nemenda af erlendum uppruna séu oft litlar. Það er mikilvægt að gera kröfur til þeirra og byggja á styrkleikum og fyrri reynslu. Grundvöllur þess, að hægt sé að skipuleggja stuðning við börn sem koma ný inn í skólann með markvissum hætti, er að áður fari fram mat á námslegri og félagslegri stöðu þeirra. Verkfæri til að framkvæma mat, sem hentar ólíkum börnum og ólíku skólaumhverfi, þurfa að liggja fyrir og matinu fylgt eftir á markvissan hátt.

Vinna þarf að því að börn og ungmenni fái tækifæri til að viðhalda eigin menningu samhliða því að þau kynnast og verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi og læra skóla-tungumálið. Það styrkir sjálfsmynd þeirra og félagsleg tengsl. Skapa þarf tækifæri fyrir foreldra til að taka þátt í menntun barna sinna og jafnframt að stuðla að þátttöku og aðlögun foreldra að samfélaginu. Innflytjendur hafa margir miklar væntingar til barna

sinna en oft takmarkaða möguleika á að styðja við þau. Veita þarf upplýsingar um skólann og nám barnanna með þeim hætti að foreldrar skilji.

Fræða þarf kennara um aðstæður fjölskyldna barnanna og þá sálrænu erfiðleika, sem geta skapast af áföllum sem börnin hafa sum gengið í gegnum (t.d. flóttamenn og börn í leit að alþjóðlegri vernd), þannig að nemendur sem þurfa aðstoð fái réttan stuðning. Í skýrslunni er lögð áhersla á að börn með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn séu á ábyrgð allra í skólanum og þau þurfa sem fyrst að fá tækifæri til að vera í almennum bekkjum. Koma þarf á víðtæku samstarfi við aðila utan skólans (Gärdegård, Tägtström, Patmalnieks, Jonsson og Midtbø, 2018).

4.9. Atlantic Rim

Ísland er aðili að Atlantic Rim sem er fjölþjóðlegur samstarfsvettvangur í menntamálum sem stofnaður var í Reykjavík í september 2016. Hvatamaður að stofnuninni var Andy Hargreaves prófessor við Boston háskóla í Bandaríkjunum. Ráðherrar menntamála, fulltrúar kennarasamtaka, menntamálastofnana, sveitarfélaga, embættismenn og sérfræðingar frá Finnlandi, Skotlandi, Írlandi, Wales, Kanada, Bandaríkjunum, Aruba og Íslandi taka þátt í verkefninu.

Markmið samstarfsvettvangsins er m.a. að bera saman þróun menntamála landanna, skilgreina sameiginleg gildi í menntun, miðla reynslu og stuðla að fagmennsku í skólastarfi. Samstarfið snýr m.a. að því að þróa raunhæfar aðferðir til að koma á kerfisbreytingum í menntamálum, einkum til að efla velferð og andlegt heilbrigði, auka jafnrétti í menntun, styrkja skóla margbreytileikans og stuðla að gæða menntun fyrir alla nemendur. Stefnt er að úttektum á mikilvægum þáttum, þ.m.t. menntun flóttabarna (ARC, 2016).

Samantekt

Alþjóðlegar stefnur og áherslur, er varða menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og Íslendingar eiga aðild að, eiga það sameiginlegt að tryggja skuli jafnan aðgang allra barna að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi, eins og fram kemur í fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna. Þetta felur m.a. annars í sér að laga menntakerfið að þörfum fjölbreyttra barnahópa, byggja á fyrri reynslu þeirra, styrkleikum og stöðu í námi. Líta beri á skólann sem mikilvægan vettvang móttöku, virkrar þátttöku og menntunar og brú fyrir nýkomnar fjölskyldur út í samfélagið. Hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun setur fram þrjú megin gildi sem ber að virða: manngildi og mannréttindi, menningarlegan fjölbreytileika ásamt

lýðræði, réttindi, sanngirni, jafnrétti og réttaröryggi. Þessir þættir kallast á við áherslur Barnasáttmálans um réttindi allra barna á aldrinum 0–18 ára. Mikilvægi tungumálanáms og tvítyngis er sett í öndvegi í fjölþjóðlegum stefnum og ítrekað að færni í meirihluta tungumáli samfélagsins liggi til grundvallar bæði náms- gengi og félagslegri og menningarlegri þátttöku. Litið er svo á að góður skilningur á tungumálum og ólíkri menningu stuðli að auknum skilningi og samkennd milli fólks, auk þess sem vernd tungumála stuðli að auknu lýðræði og menningarlegri fjölbreytni. Áhersla er lögð á að börn og ungmenni sem flytjast milli landa fái tækifæri til að viðhalda eigin menningu, trú og tungumáli um leið og þau kynnast og verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi og fái stuðning við að læra nýtt tungumál.



5. Niðurstöður rannsókna

Erlendar rannsóknir og stefnumótun í menntun barna með annan menningar- og tungumála bakgrunn hefur í auknum mæli beint sjónum að líðan og félagslegum tengslum sem mikilvægum þætti í menntun og velferð þeirra, enda hafa rannsóknir sýnt að félagsleg og efnahagsleg staða barna getur skipt sköpum í námi (Schleicher, 2018). Með auknum fjölda innflytjenda hér á landi hefur þessi þáttur fengið meira rými meðal rannsækenda. Jafnframt hefur töluvert verið unnið að rannsóknum hér á landi þar sem kastljósinu er beint að reynslu og viðhorfum foreldra barna af erlendum uppruna og sjónarmiðum og reynslu kennara af kennslu barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hér verða dregnar saman niðurstöður lykilrannsókna sem unnar hafa verið á þessu sviði hér á landi á síðustu árum. Einnig verður fjallað um rannsóknir þar sem sjónum er beint að íslenskufærni nemenda með annað tungumál og hvaða áhrif hún hefur á námsframvindu þeirra, í þeirri viðleitni að greina þarfir og tækifæri til að efla stuðning við þennan nemendahóp. Þá eru reifaðar rannsóknir á móturmáli og móturmálskennslu og fjallað um hlutverk skóla við að móta viðhorf til fjölmennningar og tvítyngdra barna.

5.1 Líðan og félagsleg tengsl barna og ungmenna

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós veika félagslega stöðu barna sem hafa erlendan bakgrunn (Stevens o.fl., 2015). Íslenskar rannsóknir á vellíðan barna og unglinga af erlendum uppruna benda einnig til þess að þeir séu í viðkvæmri félagslegri stöðu. Þeir finna frekar til vanlíðanar og eru óánægðari með lífið en jafnaldrar þeirra. Þeir standa oft höllum fæti félags- og efnahagslega og félagslegur stuðningur er lakari en hjá íslenskum félögum þeirra (Eyrún María Runarsdóttir og Runar Vilhjálmsson, 2015; Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019). Í nýrri könnun *Rannsóknar og greiningar* kemur fram að nemendur á aldrinum 10–18 ára, sem búa á heimilum þar sem erlent tungumál er talað, standa verr að vígi varðandi félagsleg tengsl, viðhorf til skóla og líðan. Nemendur, sem búa á heimilum þar sem eingöngu er töluð íslenska, eru ólíklegri til þess að segjast líða illa í skólanum. Fleiri nemendur af erlendum uppruna segjast hafa upplifað stríðni og verið sniðgengin í 5. til 7. bekk og þeir eru líklegri til þess að finna til einmanaleika (Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2018). Rannsóknir með leikskólabörnum sýna svipaðar niðurstöður. Fullgildi barna af erlendum uppruna var ekki það sama og hinna barnanna í leikskólanum. Þau voru valdaminni og áttu frekar á hættu að vera skilin útundan og útilokuð í barnahópnum (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019; Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2019). Þetta er í samræmi við rannsókn þar sem ungmenni af erlendum uppruna rifjuðu upp leikskóladvölinu og minntust þess að hafa verið einmana og verið strítt (Anh-Dao Tran og Samúel Lefever, 2018).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að nemendur af erlendum uppruna eru ólíklegri til þess að vera með vinum sínum eftir skóla á virkum dögum, stunda síður íþróttir og eru líklegri til

að hætta vegna kostnaðar. Þeir eru einnig ólíklegri til að taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi og skila sér síður á sumarnámskeið og í félagsmiðstöðvar í sinni heimabyggð (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2012; Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2018). Íslensk rannsókn á menntun barna, sem njóta alþjóðlegrar verndar, bendir til mikilvægis þess fyrir þau að geta tekið þátt í tómstundastarfi eftir skólann, bæði til þess að dreifa huganum og til þess að verja meiri tíma með öðrum börnum (Helga Guðmundsdóttir, Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, 2018). Rannsókn á þátttöku innflytjendabarna í íþrótt- og æskulýðsstarfi sýndi að ástæður þess, að börn með erlendan bakgrunn stunda síður íþróttir og tómstundir, eru m.a. þær að upplýsingar um það starf sem er í boði í hverfunum ná ekki til foreldra (Sólveig Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir, 2008). Stuðningur og félagsleg tengsl við jafnaldra er börnum og ungmennum mikilvæg. Það er áhyggjuefni að nemendur af erlendum uppruna upplifa jaðarsetningu í skólanum og fá síður stuðning frá bekkjarfélögum en íslenskir skólafélagar þeirra (Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir, 2019).

Félagsleg aðgreining og aðskilnaður milli ungmenna í 8.–10. bekk, sem hafa erlendan bakgrunn og íslenskra jafnaldra þeirra, hefur komið í ljós. Ungmennin af erlendum uppruna halda frekar saman og veita hvert öðru tilfinningalegan og félagslegan stuðning og það sama á við um íslensku ungmennin. Nemendur með erlendan bakgrunn fá því síður stuðning frá íslenskum félögum, en eftir því sem þeir dvelja lengur í landinu verður stuðningurinn meiri (Eyrún María Rúnarsdóttir, Runar Vilhjalmsson, Sigrún Adalbjarnardóttir og Robert Crosnoe, 2019). Sambærilegar niðurstöður hafa komið fram í rannsóknum með leikskólabörnum. Menningarbakgrunnur og tungumál eru mikilvægir þættir þegar kemur að þátttöku og áhrifamætti barna. Þau börn, sem hafa íslensku að móðurmáli, leika sér saman og þau börn, sem hafa annað móðurmál, halda saman (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2019).

Mikilvægt er að skólayfirvöld og kennarar séu meðvitaðir um að börn með erlendan bakgrunn eru líklegri til að verða jaðarsett og þurfa meiri stuðning. Leita þarf leiða til að bæta félagslega stöðu barna með annað móðurmál en íslensku og styðja við kennara til að koma í veg fyrir að í skólum eigi sér stað aðgreining og valdaójafnvægi í barnahópnum.

Samnorræn rannsókn beindi sjónum að farsælu skólastarfi með ungum innflytjendum. Niðurstöður leiddu í ljós að þar sem vel tókst til í leik- og grunnskólum, börnin voru virk og þeim leið vel í skólanum, þar var skólastarfið skipulagt út frá áhugahvöt barnanna og byggði á fjölbreytileika. Kennarar höfðu þekkingu á fjölmenniglegri menntun, litu á fjölbreytt tungumál sem auðlind og lögðu áherslu á samstarf við foreldra. Í þeim framhaldsskólum, þar sem nemendur af erlendum uppruna voru mjög jákvæðir gagnvart skólunum sínum, höfðu kennarar margvíslega reynslu af námi og störfum erlendis og gerðu kröfur til nemendanna (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018).

5.2 Reynsla og viðhorf foreldra

Íslenskar rannsóknir benda til þess að foreldrar af erlendum uppruna upplifi talsverðan menningarmun í skóla- og uppeldismálum þegar þeir miða við heimaland sitt og eigin skólagöngu. Sumir upplifa aga- og skipulagsleysi í íslenskum skólum og skort á krefjandi námsgögnum, heimavinnu og gagnsæju námsmati, sem þeir óttast að geti haft slæmar afleiðingar fyrir börnin þeirra síðar (Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafík Hama, 2018; Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019).

Margir foreldrar hafa áhyggjur af íslenskunámi barna sinna og kalla eftir meiri stuðningi við tví- og fjöltyngd börn (Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Brarillé og Markus Meckl, 2018; Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019). Í rýnihóparannsókn kom fram að foreldrar telja að mikið vanti upp á íslenskukennslu fyrir tvítyngd börn. Börnin kunni íslensku upp að ákveðnu marki en skorti dýpri skilning og orðaforða til að skilja námsgreinarnar í skólanum (Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019). Foreldrar kalla einnig eftir meiri þekkingu á fjölmenningu og fjöltyngi og að móðurmálskennslu verði gert hærra undir höfði. Flestum foreldrum af erlendum uppruna er annt um færni barna sinna í móðurmálinu og ekki er óalgengt að börnin stundi nám í tungumalahópum utan skóla og viðhaldi góðum tengslum við heimalönd sín. Sum börn og foreldrar hafa upplifað sinnuleysi eða neikvæðni í garð fjöltyngis í skólanum (Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir, 2016; Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2018; Renata Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir, 2018; Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019).

Í öðrum rannsóknum hefur komið fram að margir foreldrar kvarta yfir að eiga í erfiðleikum með að fá upplýsingar frá skólunum og geti því ekki fylgst með börnum sínum og stutt við þau eins vel og þeir vildu. Skólar geri oft ráð fyrir almennri þekkingu á starfsháttum sínum þegar erlendir foreldrar eiga í hlut, foreldrafundir séu haldnir á tímum sem þeim hentar ekki, auk þess sem tungumálaörðugleikar geta torveldað þeim að fylgjast með námi barna sinna og taka þátt í félagsstarfi foreldra (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafík Hama, 2018). Upplýsingar um uppeldisstefnur og áherslur í skólastarfinu (íslensk lög, reglur, aðalnámskrá og það sem liggur að baki þess sem gert er í skólanum) eru oft ekki aðgengilegar á fleiri tungumálum en íslensku og tölvupóstar og fréttabréf sömuleiðis.

Íslenskar jafnt sem erlendar rannsóknir hafa sýnt að foreldrum af erlendum uppruna er almennt annt um menntun barna sinna, hafa væntingar til skólagöngu þeirra og vilja styðja þau í námi (Schleicher, 2018). Bent hefur verið á að meiri áhersla þurfi að vera á samtal og samvinnu við erlendar fjölskyldur til þess að gagnkvæmur skilningur ríki um þarfir, væntingar og áherslur í skólastarfinu. Einhliða samskipti, skortur á samræðu og samvinnu auk tungumálaörðugleika getur valdið því að foreldrar veki ekki máls á áhyggjum sínum eða erfiðum málum í samskiptum við starfsfólk skóla (Hermína

Gunnþórsdóttir o.fl., 2018). Huga þarf að því að foreldraviðtöl séu túlkuð fyrir þá foreldra sem tala litla eða enga íslensku og jafnvel mætti halda foreldrafundi fyrir sérstaka tungumáláhópa ef þess er kostur (Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019).

5.3 Reynsla og sjónarmið kennara

Íslenskir kennarar telja sig margir illa í stakk búna til að stunda fjölmennningarlega kennslu og kalla eftir meiri þjálfun, fræðslu og stuðningi við kennslu barna með ólíkan bakgrunn og samstarfi við fjölskyldur þeirra. Á þetta við kennara á öllum skólastigum. Sumir kennarar líta á fjölmennningarlega kennslu sem aukabyrði því að hefðbundnir kennsluhættir henti ekki til að vinna með fjölbreyttum hópum. Auk þess telja grunn- og framhaldsskólakennarar sig bundna af kröfum í námskrá og yfirferð námsgagna. Margir kennarar telja sig ekki hafa fengið nægjanlegan undirbúning í námi sínu og ekki næga símenntun til að vera færir um að sinna fjölmennningarlegum barnahópum. Þeir leggja áherslu á aukna fræðslu og þjálfun í að vinna með börnum og fjölskyldum með ólíkan menningarlegan og tungumálabakgrunn (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2018; Hulda Karen Daniélsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, 2010). Í *TALIS* rannsókninni er m.a. leitað svara við því hversu vel kennarar telja sig í stakk búna til þess að takast á við áskoranir skólakerfisins (Ragnar Ólafsson, 2019). Þar kemur fram að íslenskir kennarar telja mikla þörf fyrir símenntun um kennslu í fjölmennningarlegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi og aðeins um helmingur þeirra taldi sig í stakk búinn til að sniða kennslu sína að þörfum nemenda með ólíkan tungumála og menningar bakgrunn (Ragnar F. Ólafsson, 2018).

Kennarar telja slaka íslenskukunnáttu vera mikla hindrun í samstarfi við foreldra barna af erlendum uppruna. Það hefur reynt skólum mjög vel að ráða tvítyngt starfsfólk og fólk með erlendan bakgrunn til starfa í skólunum. Rannsóknir hafa sýnt að fjölbreyttur kennarahópur er mikilvægur í starfi með fjölbreyttum nemendahópum vegna þeirrar margvíslegru þekkingar og reynslu sem býr í slíkum hópi, svo sem tungumálþekkingar, reynslu af menntun og störfum í ýmsum löndum, svo og reynslu af búferlaflutningum milli landa (Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017; Hanna Ragnarsdóttir, 2016, 2018; Schleicher, 2018).

Rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum benda til þess að við kennslu í fjölbreyttum nemendahópum skipti miklu máli styðjandi námsumhverfi þar sem nemendur geta nýtt sér styrkleika sína og fundið tengingar við eigin menningu og tungumál. Þar skiptir hugarfar og hugmyndaauðgi kennara sköpum við að nýta námstækifæri í daglegu skólastarfi. Kennarar þurfa að hafa trú á getu nemenda, hafa væntingar til þeirra og veita menningar- og tungumálabakgrunni þeirra viðurkenningu (Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir, 2013; Anh-Dao Tran, Samúel Lefever og Hanna Ragnarsdóttir, 2016).

Bæði foreldrar og kennarar hafa bent á mikilvægi þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi til að styrkja tengslamyndun og tungumálafærni barna, en það er kostnaðarsamt og einstæðir og tekjulágir foreldrar þurfa aukinn stuðning vegna tómsundastarfs barna sinna (Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafík Hama, 2018).

Eiginlegar rannsóknir, þar sem skyggst er af gaumgæfni í starfshætti í ákveðnum skólum, gefa vísbendingar um leik- og grunnskóla hér á landi þar sem vel hefur tekist til við að skapa lærdómssamfélög þar sem börn með fjölbreyttan bakgrunn njóta sín. Leitast er við að koma til móts við hvert og eitt barn á forsendum þeirra og virkja þau til þátttöku í skólalífinu. Áhersla er lögð á að kynnast heimamenningu og þörfum hvernar fjölskyldu og að vinna með öll móðurmál barnanna í daglegu starfi. Starfsfólk leggur upp úr gagnvirkum samskiptum við foreldra augliti til auglitis, byggðum á trausti og virðingu (Hanna Ragnarsdóttir, 2018; Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016; Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafík Hama, 2018).

Niðurstöður nýrrar norrænar rannsóknar á menntun barna með erlendan bakgrunn leiða í ljós að góður árangur einstakra skóla í að vinna með fjölbreyttum barnahópum hvílir að miklu leyti á herðum einstaka lykilkennara í skólunum, kennara sem hafa þekkingu, áhuga og eldmóð til að takast á við nýjar áskoranir. Þegar þessir kennara hverfa á braut er hætt á að þekkingin og starfshættirnar hverfi líka (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018). Þessar niðurstöður eru umhugsunarefni og kalla á ábyrgð skólastjórnenda á því að kennarar afli sér þekkingar og færni á sviði menningar- og tungumálalegrar fjölbreytni og að þekkingu reynslumikils starfsfólks sé deilt og haldið við í skólum.

5.4 Íslenska sem annað mál

Íslenskar rannsóknir sýna að íslenskufærni barna, sem eiga annað móðurmál en íslensku, er mun lakari en jafnaldra sem eiga íslensku að móðurmáli og að munurinn hefur tilhneigingu til að aukast frekar en minnka með aldri. Rannsókn Anetu Figlarska, Rannveigar Oddsdóttur, Samuels Lefever og Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2017) sýndi t.d. að íslenskur orðaforði leikskólabarna sem áttu pólsku sem móðurmál var mun minni en jafnaldra sem höfðu íslensku að móðurmáli. Pólskur orðaforði þeirra var hins vegar í engu frábrugðinn þeim orðaforða sem pólsk börn í heimalandinu hafa að jafnaði á þessum aldri. Hljóðkerfisvitund leikskólabarna með annað móðurmál en íslensku hefur einnig sýnt sig að vera minni en jafnaldra með íslensku sem móðurmál (Kriselle Sue Lusón Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, 2018). Svo virðist vera að börn með annað tungumál en íslensku fái almennt ekki nægjanlegan stuðning í íslensku í leik- og grunnskólum. Í rannsókn, þar sem mældur var orðaforði barna í 2., 3. og 4. bekk, kom í ljós að enginn munur var á íslenskum orðaforða barnanna í þessum bekkjum, jafnvel þegar tekið hafði verið tillit til mismunandi dvalartíma barnanna

(Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2010). Þessar niðurstöður gefa ástæðu til að ætla að almennt auki þessi barnahópur ekki íslenskan orðaforða sinn til muna á þessum skólaárum.

Lítill orðaforði barna í íslensku er áhyggjuefni, því komið hefur í ljós að hann er drifkraftur lesskilnings þeirra frá miðstigi grunnskóla og upp í 8. bekk. Þetta þýðir að því meiri sem íslenskur orðaforði er í 4. bekk, þeim mun hraðari eru framfarir í lesskilningi og því minni orðaforði þeim mun hægar eru framfarirnar. Niðurstöður Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. sýndu að börn í 4. til 8. bekk, sem höfðu íslensku sem annað mál, höfðu öll árin minni lesskilning en jafnaldrar þeirra og munur á orðaforða hópanna jókst með hverju árinu (Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason, 2016a).

Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir (2013) mældu framfarir í íslensku hjá nemendum sem hafa íslensku sem annað mál í 1.–10. bekk grunnskóla, í samanburði við börn með íslensku að móðurmáli. Niðurstöður voru einnig bornar saman við samsvarandi enskar rannsóknir á börnum með ensku sem annað mál. Rannsóknin gaf sterklega til kynna að framfarir íslensku nemendanna voru mun hægar en jafnaldrar þeirra með íslensku sem móðurmál og einnig hægar en framfarir verða almennt í ensku hjá börnum með ensku sem annað mál. Í annarri rannsókn kannaði Elín Þöll (2017) íslenskan orðaforða og málfræðipækkingu nemenda með íslensku sem annað mál, á ýmsum aldurstigum, með tilliti til dvalartíma í íslensku málumhverfi og til þess hvort nemendur hefðu tónað heimamál eður ei. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þessi nemendahópur stóð sig verr en jafnaldrar með íslensku sem móðurmál, bæði í orðaforða og málfræði. Enginn munur var á frammistöðu nemenda með tónað heimamál miðað við aðra og erfitt var að fá skýra mynd af áhrifum dvalartíma á niðurstöður mælinga (Elín Þöll Þórðardóttir, 2017).

Sum börn, sem læra íslensku sem annað tungumál, eru fædd hér á landi en önnur koma á mismunandi aldri. Aldur við upphaf tileinkunar íslensku sem annars máls er sterkur áhrifaþáttur (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016a). Ung börn læra móðurmál og annað mál í hlutfalli við þann tíma og þau gæði málumhverfis sem þau fá í hvoru máli fyrir sig (Oller, Pearson og Cobo-Lewis, 2007). Nemendur, sem eru komnir á grunnskólaaldur þegar þeir flytja til Íslands, njóta góðs af því að hafa þegar öðlast ákveðna þekkingu í móðurmálinu (Rossingh, 2008). Til dæmis þegar þeir takast á við hinar ýmsu námsgreinar kemur sér vel að hafa þekkingu á því sem fjallað er um, hafa orð yfir það á sínu móðurmáli og vita fyrir hvað hugtökín standa. Sem dæmi má nefna *nagdyr* og *iðnaður*. Það sama getur átt við þegar þeir rekast á orð í nýja málinu með huglæga merkingu, s.s. *gagnsemi* og *nýtni*; hafi þeir lært þessi hugtök á móðurmálinu getur skilningur á flókinni merkingu þeirra auðveldlega flust yfir á hitt tungumálið. Eldri börn geta því lært annað tungumál hraðar en þau yngri. Rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. (2016b) leiddi í ljós að því eldri sem

börnin voru þegar þau fluttu til Íslands, þeim mun hraðar juku þau íslenskan orðaforða sinn og lesskilning og því yngri, þeim mun hægari var framvindan. Þau eldri standa þó frammi fyrir þeirri áskorun að ná fótfestu í námi í nýju samfélagi og með notkun nýs tungumáls sem þau þurfa jafnframt að nota í náminu. Þau þurfa því góðan og markvissan stuðning. Niðurstöðurnar benda því til að börn, sem eru fædd hér á landi eða koma ung til landsins, fái ekki nægan stuðning í íslensku því framfarir þeirra eru litlar sem engar á milli ára. Hægt er að læra tungumál samhliða eða hvert á eftir öðru. Öll tungumál þróast með notkun. Íslenska er notuð í skólaskrif og því má gera ráð fyrir að námsorðaforði þróist fyrst og fremst í íslensku í gegnum námið.

Grundvallaratriði í menntun allra barna er að skapa þeim tækifæri til að efla hugsun sína, hugvitið, að þau þjálfist í að vinna með sívaxandi þekkingu og nýta sér hana á skapandi hátt. Í nútímaþjóðfélagi er nauðsynlegt að geta skilið, nýtt sér, metið og ígrundað mikið magn texta, mátað það sem lesið er við fyrri reynslu og þekkingu og tekið mið af ólíkum sjónarhornum (OECD, 2019c). Slík færni krefst djúps lesskilnings (LaRusso o.fl., 2016; Uccelli o.fl., 2015). Rannsóknir í Danmörku, á Íslandi og í Bandaríkjunum hafa sýnt að orðaforði nemenda í þjóðtungunni hefur ein sterkustu áhrif á það hversu djúpan lesskilning þeir hafa, umfram fjölmarga aðra áhrifaþætti (Anrnbak, 2010; Freyja Birgisdóttir, 2016; LaRusso o.fl., 2016). Það er því mikilvægt gefa íslenskum orðaforða veigameiri sess í leik- og grunnskólaskrifum.

Þegar mótuð er stefna í kennslu íslensku sem annars máls er nauðsynlegt að taka mið af rannsóknum sem sýnt hafa að markviss áhersla á námsorðaforða (þ.e. orða sem liggja til grundvallar námsárangri) í skólaskrifum er árangursrík fyrir alla nemendur og sérstaklega þá sem nota annað tungumál með fjölskyldu sinni (Proctor, Silverman, Hanning og Hart-ranft, 2019). Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að vinna með orð á fjölbreyttan hátt í gegnum innihaldsríkar samræður og ritun um áhugaverð málefni, þar sem takast á ólík sjónarmið (Lawrence, Francis, Paré-Blagoev og Snow, 2016). Með slíkri þjálfun verða nemendurnir virkir málnotendur í tungumálinu sem liggur til grundvallar námsframvindu þeirra.

Könnun frá árinu 2008 sýndi að námsþörfum barna með erlendan bakgrunn var mætt á mismunandi hátt í íslenskum grunnskólum. Í sumum skólum var fjöldi og hlutfall nemenda af erlendum uppruna með sérkennsluþarfir mun meiri en annarra nemenda. Í öðrum skólum var þessu þveröfugt farið. Hugsanleg skýring er sú að nemendur voru taldir með námserfiðleika þegar í raun var um erfiðleika í íslensku að ræða og öfugt (Hulda Karen Daníelsdóttir, 2008). Í nýlegri greiningu Menntamálastofnunar á stöðu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál kemur í ljós að það, sem m.a. kemur í veg fyrir að nemendur af erlendum uppruna hljóti kerfisbundinn stuðning á landsvísi, er hversu óskilgreint nám í íslensku er í námskrám. Bent er á að í grunnskólum

landsins er stutt við nemendurna með fjárveitingum með tvennum hætti: annars vegar úr Jöfnunarsjóði íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar, með fjáruþlutun, einnig úr sérstökum sjóði. Aðferðafræði úthlutanna er ólík og lítið samráð eða samræmi er þar á milli. Skortur er á heildstæðri mælingu eða könnun á því hverjir sækja um, hvernig fénu er varið eða hvort það skili sér beint í kennslu þessa hóps (Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland, 2018).

Þegar niðurstöður ofantalinna rannsókna, kannana og greininga á námi og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru skoðaðar, má ljóst vera að margt má færa til betri vegar. Þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi snúa einkum að þróun orðaforða og máltileinkun nemenda á leik- og grunnskólaaldri og ber þær allar að sama brunni, þ.e. að vinna þurfi á markvissari hátt með þessa þætti í námi nemendanna til að þeir geti tekið eðlilegum framförum og stundað nám sitt óhindrað í íslensku skóla-kerfi. Rannsaka þarf betur hvaða aðferðir eru líklegri en aðrar til að bæta námsárangur hópsins og nota þarf markvissar leiðir til að mæla þennan árangur. Skerpa þarf rammann utan um nám hópsins, efla kennara í kennslu fjölbreyttra nemendahópa, skýra viðmiðin, samræma áherslur, væntingar og kröfur svo að þessir nemendur hafi jöfn tækifæri á við samnemendur sína þegar kemur að því að stunda nám og velja sér framtíðarstarf.

5.5 Móðurmál/fjöltyngi

Móðurmál og fjöltyngi eru margþætt fyrirbæri. Móðurmál getur verið eitt eða fleiri tungumál sem barn tileinkar sér frá bernsku og fjöltynmdir einstaklingar eru þeir taldir sem hafa alist upp við eitt eða fleiri tungumál frá fæðingu og/eða bætt við tungumáli í bernsku. Móðurmál gerir mönnum kleift að hugsa, skilgreina sig, eiga í samskiptum, afla upplýsinga og vera virkir þátttakendur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020).

Námsleg staða nemenda af erlendum uppruna í Evrópu mælist á PISA prófunum marktækt verri en meðal innfæddra (European Commission, 2019). Niðurstöður síðustu PISA-prófa sýna að börnum innflytjenda hér á landi gengur mun verr á þessum prófum en jafnöldrum þeirra. Lítil munur mælist á frammistöðu nemenda af fyrstu og annarri kynslóð í lesskilningshluta prófanna. Nemendur sem teljast af annarri kynslóð innflytjenda og hafa búið hér á landi alla ævi standa skv. þessu langt að baki jafnöldrum sem teljast innfæddir Íslendingar (Menntamálastofnun, 2019; Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2019).

Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að skoða niðurstöður slíkra mælinga í samhengi við líf barna út frá félags- og menningarlegu sjónarhorni (Souto-Manning, 2007, 2013), sem þýðir að skoða þarf þessar niðurstöður út frá félags- og efnahagslegri stöðu foreldra, aðgengi barna að kennsluefni og lesefni almennt, kennsluháttum og fagmennsku

kennara en ekki síður umgjörð skóla, menntastefnu, viðhorfum innan samfélagsins og ráðandi gildum í samfélaginu. Á meðan börnin eru að ná tökum á íslensku þarf jafnframt að beina sjónum að móðurmálum þeirra, styrkleikum og fyrri þekkingu í stað þess að einblína á það sem þau skortir.

Fjöltungd börn eru oft á tíðum jaðarsett í grunnskólum þar sem hæfni þeirra í íslensku er oft lítil og námsorðaförði takmarkaður. Þetta leiðir til þess að fjöltungd börn hafa ekki sömu tækifæri til menntunar og eintungd börn (Gestur Gudmundsson, Beach og Vestel, 2013; Anh Dao Tran, 2015). Cummins (1979, 2000) skiptir tungumálum upp í annars vegar samskiptamál og hins vegar akademískt mál. Samkvæmt Cummins tekur það barn eitt til tvö ár að læra samskiptamál en allt að tíu ár að ná tökum á námsorðaförða sambærilegum við orðaförða jafningja ef viðeigandi stuðningur er fyrir hendi. Roessingh (2016) skiptir námsorðaförða í þrennt: almenn orð, almennan námsorðaförða og sérhæfðan námsorðaförða en skortur á almennum námsorðaförða virðist mest áberandi hjá fjöltungdum nemendum. Til þess að fjöltungd börn geti náð raunverulegum árangri í námi verður að huga að almennum námsorðaförða þeirra en ekki síður að félagslegu jafnrétti og hvernig stefnumótun, viðhorf og væntingar skólasamfélagsins stýra því hverjir eru velkomnir og hverjir eru útilokaðir (Cummins, 2004).

Souto-Manning (2007) bendir á að undanfarin þrjátíu ár hafi rannsóknir sýnt jákvæð tengsl á milli vitsmunaproska og fjöltungis en þrátt fyrir það eru enn víða ríkjandi hugmyndir um að fjöltungd börn skuli fyrst og fremst aðlagast eða samlagast samfélaginu og tileinka sér meirihlutatungumálið. Hugmyndin um að fjöltungd börn skorti ákveðna hæfni og bakgrunn til fullrar þátttöku í námi og starfi er enn viðloðandi. Einnig bendir Evrópuráðið (Council of Europe, 2007) á gildi fjöltungis hjá einstaklingum og leggur áherslu á mikilvægi tungumálafærni einstaklinga fyrir samfélagið. Grosjean (2009) vísar í rannsóknir sem styðja við þá kenningu að fjöltungdir nemendur standi að vissu leyti betur en eintungdir nemendur í námi ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Þ.e.a.s. ef þeir hafa þróað með sér virkt fjöltungi og fjöltungt læsi. Að viðhalda móðurmálinu um leið og nýtt tungumál er þróað hjálpar nemendum, undir jákvæðum kringumstæðum, að ná betri skilningi á tungumálum, meðan önnur færni þróast.

Grosjean (2010) bendir á að forsenda þess að börn þrói með sér virkt fjöltungi byggist á viðhorfum barna til tilgangs tungumála og þörfinni fyrir að eiga í samskiptum á fjölbreyttum tungumálum. Hann bendir á mikilvægi þess að fjölskyldur setji sér tungumálastefnu og sammælist um hvar og við hvaða aðstæður nota skuli hvert tungumál. Jafnframt sé mikilvægt að ræða við börn og ungmenni um hvernig fjöltungi tengist fjölmenningu. Little (2019) bendir á að það geti ríkt ákveðin togstreita innan fjölskyldna þegar kemur að því að mynda málstefnu á heimlinu. Það getur jafnframt verið flókið að viðhalda fjölmenningu þar sem oft gætir þeirrar tilhneigingar meðal barna að reyna að passa inn

í ríkjandi samfélag. Cummins (2004) bendir á að þeir menningarheimar sem útskúfaðir eru í samfélaginu séu einnig líklegri til að vera það í skólakerfinu. Því þurfi að auka áherslu á félagslega- og menningarlega þætti til að leiðrétta þetta ástand. Ef við eflum það svigrúm sem er til sjálfsákvörðunarréttar og styrkjum fjölmenningu í fjölskyldulífinu erum við að ala upp mikilvæga meðlimi samfélagsins sem gegna hlutverki mikilvægra brúarsmiða milli fjölbreyttra menninga innan samfélagsins.

Móðurmál og móðurmálskennsla gegna mikilvægu hlutverki í lífi fjöltyngdra barna. Með því að taka þátt í móðurmálskennslu eflist sjálfmynd þeirra og þau upplifa sig sem þátttakendur í fleiri málsamfélögum (Butler og Hakuta, 2006). Markmið tungumálakennslu, bæði móðurmáls og samfélagsmáls, er að gefa nemendum verkfæri til þess að öðlast menntun og að valdeflast til að taka þátt í samfélaginu á Íslandi og utan þess. Tungumálafærni tengist sjálfmynd einstaklinga, en sterkir einstaklingar með góða menntun taka frekar þátt í mótun samfélagsins sem þeir búa í. Efling á móðurmáli sem er samofin skilningi á menningarfærni styrkir bönd foreldra og barna. Mikilvægt er að skapa styðjandi og umhyggjusamt námsumhverfi þar sem nemendur geta nýtt sér styrkleika sína og fundið tengingar við eigin menningu og tungumál (Anh Dao Tran, Hanna Ragnarsdóttir og Samuel Lefever, 2016).

Íslenskt skólakerfi virðist á heildina litið illa í stakk búið til að vinna markvisst með menningar- og tungumálabakgrunn nemenda. Vísbendingar eru um að kennarar á grunnskólastigi nálgist menntun þessa nemendahóps á tilviljanakenndan og misvísandi hátt og byggja á veikum fræðilegum grunni. Nemendur með erlendan bakgrunn virðast t.d. fá takmörkuð tækifæri til að nota móðurmál sitt í formlegu námi og sumir hafa upplifað neikvæð viðhorf til notkunar þess í skólanum (Anh-Dao Tran og Samúel Lefever, 2018; Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama, 2018; Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova, 2019). Þegar nemendur eru tví- eða fjöltyngdir skipta þeir oft á milli tungumála eða blanda þeim saman, en skólakerfið á það til að líta á þessa viðleitni nemenda sem neikvæða og jafnvel meina þeim að tala sín móðurmál í skólanum (Anh-Dao Tran og Samúel Lefever, 2018).

Skólar geta með nýjum starfs- og kennsluháttum lagt mikilvægan grunn og mótað viðhorf til fjölmenningar og virðingu fyrir tungumálum sem auðlind. Í þeim skólum, þar sem markvisst hefur verið unnið að því að stuðla að fjölmenningarlegri menntun og að öll tungumál fái að njóta sín, njóta börn og fjölskyldur þeirra góðs af (Hanna Ragnarsdóttir, 2018). Fjöltyngd nálgun til kennslu, þar sem öll tungumál barna eru virkjuð og þar sem öll börn eru stolt af sínum tungumálum og nota þau markvisst til að hafa samskipti og læra, hefur borið árangur (Chumak-Horbatsch, 2012). Það má færa rök fyrir því að nemendur læri best þegar námsgögnin eru tengd fyrri þekkingu og þá eykst áhugi þeirra á því sem þeir eru að læra. Ný norræn rannsókn sýnir að skólar, sem leitast við að byggja

brýr milli heimamennningar og skólamennningar og milli móðurmála og íslensku, stuðla að betri aðlögun nemenda og auðga skólastarfið. Í skólum, þar sem reynt er að virkja bakgrunn nemenda í ólíkum námsgreinum, þar sem móðurmáli þeirra er gert hátt undir höfði, er verið að beita menningarlegri næmni sem kemur börnum og fjölskyldum þeirra til góða (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018). Fjölbreyttur bakgrunnur kennara gerir þá betur í stakk búna til þess að bera skynbragð á fjölmennningarleg málefni og sýna nemendum sem eru innflytjendur samkennd. Slíkir kennarar hafa alla jafna meiri trú á getu nemenda, hafa miklar væntingar til þeirra og sýna menningar- og tungumálabakgrunni þeirra viðurkenningu (Anh Dao Tran o.fl., 2016). Hlutverk menntunar og virðing- arstaða tungumálsins og reynsla barna af móðurmálinu í barnæsku hefur gífurleg áhrif á hversu vel börnum gengur að þróa tvítýngi. Leiðsögn í formi tvítýngdrar kennslu er mikilvæg, en þar sem því verður ekki við komið geta fjölmennningarlegar kennslu- aðferðir, sem taka tillit til tungumáls og menningar nemendanna, verið til mikilla bóta (Roberts, 2014).

Samantekt

Erlendar jafnt og íslenskar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á líðan barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, benda til þess að þau séu oft í viðkvæmri félagslegri stöðu og finni frekar til vanlíðanar en jafnaldrar þeirra. Skólastarf, sem tekur mið af fjölbreytni og fjölmenningu þar sem nemendur geta nýtt sér styrkleika sína og fundið tengingar við eigin menningu og tungumál, hefur gefist vel til að koma til móts við þennan hóp. Rannsóknir með foreldrum sýna að foreldrum af erlendum uppruna er annt um menntun barna sinna og hafa væntingar gagnvart skólagöngu þeirra og framtíð. Þeir hafa mestar áhyggjur af íslenskukennslu barnanna og kalla jafnframt eftir að móðurmáli þeirra verði gert hærra undir höfði. Íslenskir kennarar telja sig hins vegar margir illa í stakk búna til að stunda fjölmennningarlega kennslu. Oft á tíðum eru það einstaka kennarar sem hafa þekkingu til að vinna með fjölbreyttum nemendahópum. Þegar þeir hverfa frá hverfur þekkingin og reynslan líka. Íslenskufærni barna með erlendan bakgrunn hefur sýnt sig að vera lakari og færni þeirra virðist aukast mjög hægt. Markviss stuðningur við íslenskunám barna í leik- og grunnskólum er því afar mikilvægur ef árangur á að nást. Rannsóknir á móðurmáli og tvítýngi benda til mikilvægis tvítýngis fyrir nám barna. Að viðhalda móðurmálinu um leið og þjóðtungan er þróuð hjálpar börnum að ná betri skilningi á tungumálum og öðru námi auk þess sem hæfni í eigin móðurmáli eflir sjálfmynd þeirra.



6. Stefnumótun í nágranna- löndum – nokkrar sviðsmyndir

Í þessum kafla er fjallað um stefnumótun fjögurra nágrannalanda í menntun barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Valin voru lönd þar sem talið er að vel hafi tekist til og einnig lönd sem nýlega hafa endurmetið stefnu sína og tekið til gagn- gerrar endurskoðunar.

6.1 Svíþjóð

Á síðustu árum hefur innflytjendum í Svíþjóð fjölgað gríðarlega og eru einstaklingar sem fæddir eru utan Svíþjóðar nú um einn fimmti hluti þjóðarinnar. Niðurstöður PISA kannana benda til þess að nemendum með erlendan bakgrunn gangi verr í námi en jafnöldrum þeirra og að þeir upplifi síður fullgildi (e. belonging) í skólanum. Þetta á einkum við börn fyrstu kynslóðar innflytjenda. Þessi staða hefur leitt til töluverðrar umræðu um hvernig megi annars vegar styðja betur við börn innflytjenda svo þau aðlagist skólanum og hins vegar hvernig breyta megi skólakerfinu og sníða það að fjölbreyttum nemendahópi.

Sænska menntamálaráðuneytið leitaði til OECD um úttekt á fullgildri þátttöku barna innflytjenda og flóttamanna í sænskum grunnskólum og ráðgjöf við stefnumótun og þróun nýrra aðferða til að mæta fjölbreyttum barnahópi í skólakerfinu. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er byggð á skýrslu OECD, en þar er fyrirliggjandi stefna Svíþjóðar krufin til mergjar og settar fram tillögur um þróun hennar og endurskoðun (Cerna, Andersson, Bannon og Borgonovi, 2019).

OECD leggur til að fjórir þættir verði settir í forgang til að draga úr því bili sem er á milli innflytjenda og annarra nemenda í Svíþjóð. Þeir varða skólaval, hæfni kennara, tungumál og fjölmenningarlegt skólastarf.

• Skólaval

Komið hefur í ljós að mikill munur er á námsgengi nemenda eftir skólum í Svíþjóð. Í skýrslunni er bent á að tryggja þurfi jafnan aðgang allra að ólíkum grunnskólum. Lagt er til að núverandi fyrirkomulag, þar sem foreldrar geta valið skóla fyrir börnin sín, verði endurskoðað þar sem það kemur ekki þeim til góða sem minnst mega sín. Endurskoðunin feli í sér að:

1. Veita foreldrum upplýsingar og stuðning um skólaval svo þeir geti brugðist við þörfum barna sinna.
2. Stýra skólavali og búsetu til að tryggja öllum nemendum sömu tækifæri og draga úr aðgreiningu.
3. Veita skólum sem hafa hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna sérstakan stuðning.

• Hæfni kennara

Bent er á að sænskir kennarar standi frammi fyrir þeirri áskorun að kenna nemendum sem tala ólík tungumál og hafa ólíkan menningarlegan og trúarlegan bakgrunn. Þeir þurfi þjálfun og menntun til að takast á við þann veruleika. Eftirfarandi áhersluþættir eru settir fram:

1. Hækka laun og bæta starfsaðstæður þeirra kennara sem starfa með fjölbreyttum nemendahópum. Jafnframt veita þeim meira svigrúm í starfi til undirbúnings, til samstarfs við aðra kennara og til að vinna með foreldrum.
2. Fjölga kennurum af erlendum uppruna með átaki sem feli í sér nám með starfi og kennslu í sænsku.
3. Þjálf kennara í menningarnæmi og undirbúa þá til að kenna fjölbreyttum nemendahópum. Sambætta þarf tungumálakennslu (sænskukennslu fyrir innflytjendur og kennslu í móðurmáli) við kennslu í almennum námsgreinum.
4. Leggja áherslu á starfsþróun og símenntun kennara með áherslu á innflytjendur og kennslu í fjölbreyttum nemendahópi. Jafnframt að kennarar eigi kost á ráðgjöf um hvernig megi bregðast við þörfum barna innflytjenda og flóttafólks.

• Tungumál

Litið er svo á að færni í að skilja, lesa og tjá sig á sænskri tungu sé mikilvæg forsenda þess að innflytjendur aðlagist skólanum og samfélaginu. Í skýrslunni er bent á nokkur mikilvæg atriði:

1. Tryggja að einstaklingsáætlanir séu settar fram fyrir hvern nemanda eftir að mat hefur farið fram á þekkingu, hæfni og fyrri reynslu (kortlagning).
2. Kennsla í sænsku þarf að vera hluti af námskránni, sambætt öðrum greinum.
3. Markviss kennsla í sænsku þarf að hefjast snemma og eiga sér stað í kennslustofunni með jafnöldrum (e. immersion), frekar en í sérstökum kennslustundum.
4. Þjóða þarf innflytjendum að læra sænsku sem sérstaka námsgrein.
5. Kennsla í sænsku sem öðru máli getur ekki verið algjörlega sambærileg við kennslu í sænsku sem móðurmáli. Hún þarf þó að falla innan ramma sænsku sem móðurmáls, en þó með þeirri megináherslu að hún taki mið af þörfum hvers nemanda í náminu.
6. Nemendur sem koma eftir 12 ára aldur til Svíþjóðar þurfa sérstakan stuðning svo þeir eigi möguleika á áframhaldandi námi.

-
7. Leggja áherslu á aðgengi nemenda að kennslu í þeirra móðurmáli. Í strjálbýli er mælt með fjarkennslu og notkun tækni við kennslu í móðurmáli.
-
8. Stuðla að fjöltyngi í skólum, frístundaheimilum og sumarnámskeiðum og sýna þannig fjölbreyttri menningu og ólíkum tungumálum virðingu.
-
9. Gefa fjölskyldum innflytjenda kost á sænskunámi svo þeir geti betur stutt við nám barna sinna.
-

• Fjölmennningarlegt skólastarf

Skýrslan bendir á mikilvægi þess að styrkja fjölmennningarlegt skólastarf og hæfni kennara og stjórnenda til að bregðast við fjölbreyttri menningu. Lögð er áhersla á:

-
1. Fjölmenningu og fjölbreytileika sem viðfangsefni í hefðbundnum greinum.
-
2. Fjölmennningarlegt skólastarf í þágu allra nemenda.
-
3. Borgaramenntun í skólum sem leið til að þróa gildi og hæfni í lýðræðis-samfélagi.
-
4. Þjálfun stjórnenda til að takast á við stjórnun fjölmenningskóla og veita kennurum og nemendum viðeigandi stuðning.
-
5. Þróun fjölmennningarlegs skólastarfs sem samábyrgð allra í skólanum.
-

Svías hafa nú þegar brugðist við mörgum af þessum athugasemdum. T.d. hafa þeir sett í lög að það eigi að meta þekkingu, hæfni og fyrri reynslu með svokölluðu Stöðumati (s. Kartlaggningsmaterial för nyanlända elever) í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Stöðumatið er til á 40 tungumálum og eru verkefni þess lögð fyrir á sterkasta máli nemandans (Skolverket, 2019).

6.2 Alberta – Kanada

Menntastefna Alberta fylkis í Kanada hefur vakið athygli fyrir fjölmennningarlega sýn og virðingu fyrir ólíkum tungumálum og menningu. Lögð er áhersla á sveigjanleika og að skólum beri að bregðast við ólíkum styrkleikum, þörfum og námsáhuga og stuðla þannig að árangri allra nemenda.

Heimasíða menntamálaráðuneytis Alberta (*Alberta Education*) veitir kennurum, for-eldrum og öðrum ítarlegar upplýsingar um stefnur, markmið, námskrár, viðmið, leiðir, kennsluaðferðir og námsmat. Meðal annars eru upplýsingar um fjölbreyttar þarfir

nemenda, nám ungra barna, nám barna af „fyrstu þjóðunum“ (Métis og Inuit), nám í/á frönsku, örugga skóla og þátttöku allra nemenda. Aðstoð fyrir bekkjarkennara samanstendur af heimildum og hagnýtum upplýsingum um sjónarhorn nemenda og foreldra, tungumála- og stærðfræðikennslu, hegðun og þátttöku, auk upplýsinga um greiningar, stuðningsáætlanir fyrir nemendur, kennsluaðferðir og ýmis úrræði, tækni og símenntun fagfólks (Alberta government, 2019e).

• Skóli fyrir alla

„Skóli fyrir alla“ er í Alberta skilgreindur sem viðhorf og nálgun sem fagnar margbreytileika og fjölbreytni í nemendahópnum og stuðlar að jöfnum tækifærum fyrir alla. Menntakerfið í Alberta byggir á ábyrgð gagnvart öllum börnum. Litið er svo á að allir nemendur hafi einstakar þarfir, sumir djúpstæðar og stöðugar, aðrir skammtímaþarfir eða þarfir sem byggja á aðstæðum. Þetta kallar á sveigjanlegt námsumhverfi sem kemur til móts við ólíkar þarfir nemenda. Fyrir suma nemendur getur fjölmenningarleg kennsla og sveigjanlegt námsumhverfi falið í sér kennslu og stuðning í bekknum meðal jafningja, einstaklingsmiðaða kennslu í smærri hópum, sérhæft námsrými, einstaklingskennslu eða samsetningu þessara úrræða. Sveigjanlegur og menningarnæmur stuðningur felur í sér:

- Almennar stuðningsaðferðir sem eru hluti af námsumhverfi allra nemenda, sbr. sveigjanlegt efni og tækni, einstaklingsmiðuð kennsla og stuðningur við jákvæða hegðun.
- Markvissar aðferðir eða íhlutanir fyrir nemendur sem þurfa sérhæfðari námstækifæri eða aðgang að sérhæfðari þekkingu.
- Sérhæfður/einstaklingsmiðaður stuðningur sem miðar beint að einstaklingsnámsþörfum, t.d. táknaáhrifum eða stuðningur við andlega heilsu.

Eftirfarandi sex meginreglur endurspeglar stefnu um skóla fyrir alla. Þær eru leiðarljós við ákvarðanir á öllum stigum (stefnumótun, kennslu og aðferðir) (Alberta government, 2013, 2019c).

- Gera ráð fyrir, meta og styðja við margbreytileika og einstaklingsmun.
- Hafa miklar væntingar til allra nemenda.
- Hafa skilning á styrkleikum og þörfum nemenda.
- Fjarlægja hindranir í námsumhverfi.

-
- Byggja upp getu og hæfni nemenda.
-
- Samstarf sérfræðinga.
-
- Menning og tungumál
-

Menntamálaráðuneytið vekur sérstaka athygli á þjóðtungunum (Métis og Inuit), frönsku sem er annað opinbert tungumál, auk annarra alþjóðlegra tungumála sem og ensku sem annað tungumál. Alberta býður upp á nám á sjö alþjóðlegum tungumálum (kínversku, þýsku, japönsku, ítalska, punjabi, spænsku og úkraínsku), en auk þess er stutt við kennslu erfða- og alþjóðlegra tungumála (e. heritage and international) sem fer fram utan formlega skólakerfisins. Tvítýngdir grunnskólar nota allt að 50% af skóladeginum í nám á öðru tungumáli, þar sem auk tungumálsins er lögð áhersla á samskipti og menningu. Skólayfirvöld byggja ákvarðanir sínar um framboð tungumálanáms á þörfum samfélagsins, en ef tungumálið er ekki í boði sem formlegt nám, geta skólayfirvöld fengið eða þróað námskeið í samstarfi við tungumálasamfélagið (Alberta government, 2019a, 2019d).

• Stuðningur við ensku sem annað mál

Allir nemendur sem þess þurfa fá stuðning við nám í ensku sem öðru máli, þ.e.a.s. í tali, ritun og málskilningi. Aðstoð og aðferðir eru nákvæmlega skilgreindar eftir getu- og skólástigum. Börn fædd erlendis og börn fædd í Kanada með takmarkaða færni í ensku hafa rétt á aðstoð við nám í ensku sem öðru máli. Matið er framkvæmt af sérmenntuðum kennurum og byggir á viðtölum við foreldra, auk gagna og aldursmiðaðra spurninga sem byggðar eru á námskrá. Nám í ensku sem öðru máli er ávallt veitt af sérmenntuðum kennara.

Nám í ensku sem öðru máli beinir sjónum að tungumálinu en einnig að kanadískri menningu, gildum, hefðum og félagslegum væntingum. Markmið með námi í ensku sem öðru máli er að veita nemendum skipulagt kerfisbundið nám og stuðning sem gerir þeim kleift, ekki einungis að tala ensku reiprennandi og verða betri námsmenn, heldur einnig að verða fullgildir þátttakendur í kanadíska samfélagi. Foreldrar geta fengið ítarlegar upplýsingar um námið, kröfur, stuðning og innihald á sérstökum vef ráðuneytisins (Alberta government, 2019f).

• Stuðningur fyrir kennara

Nemendur, foreldrar, skólayfirvöld og kennarar bera ábyrgð á því að skapa öruggt námsumhverfi þar sem allir nemendur eru velkomnir, njóta virðingar, eru fullgildir þátttakendur og borin er virðing fyrir sérstöðu þeirra. Kennarar fá ýmsan stuðning, m.a. aðgang að umfangsmiklum upplýsingum og heimildum, ítarlegum námskrám, viðmiðum og matstækjum, aðferðum og ýmsum úrræðum sem byggja á rannsóknum og góðri reynslu (Alberta government, 2019b).

6.3 Noregur

Á síðustu árum hefur innflytjendum í Noregi fjölgað mikið og voru þeir um 14% landsmanna árið 2018. Börn innflytjenda fædd í Noregi voru á sama tíma um 3% landsmanna. Flestir innflytjendur í Noregi eru frá Póllandi, Litháen, Svíþjóð og Sómalíu. Samkvæmt tölum frá 2017 voru 17% allra leikskólabarna og um 16% grunnskólabarna fjöltýngd. Börn innflytjenda skulu vera komin í skóla innan við mánuð frá komu til landsins (Norwegian Ministries, 2018; Statistisk Sentralbyrå–Statistics Norway, 2019).

• Norska – Móðurmál

Samkvæmt norsku löggjöfni eiga nemendur í grunnskólum, sem hafa annað móðurmál en norsku og samísku, rétt á sérstakri norskukennslu þar til þeir hafa náð þeirri hæfni í norsku að þeir geti fylgt venjulegri kennslu í skólanum. Hverju sveitarfélagi ber að meta hæfni nemenda í norsku áður en ákvörðun er tekin um sérstaka norskukennslu. Jafnframt ber þeim að meta framfarir nemenda á meðan á kennslunni stendur til að unnt sé að ákveða hvenær þeir hafi náð færni til að fylgjast með í almennri kennslustund. Lögð er áhersla á að styðja við nám barna í gegnum móðurmálið eða sterkasta mál barnanna fyrstu tvö árin eftir komu þeirra til landsins.

• Móttökuúrræði – Tungumálamiðstöð

Lögð er áhersla á að öll börn í 1.–3. bekk fari beint inn í umsjónarbekk en nemendur í 3.–7. bekk fara í sérstaka móttökubekki fyrstu vikurnar eða mánuðina. Í heimaskóla er oftast boðið upp á svokölluð móttökuúrræði sem samanstand af annaðhvort sérstakri móttökudeild eða móttökubekki. Starfandi eru tvítýngiskennarar sem veita þeim nemendum sem eru nýkomnir til landsins stuðning bæði í norsku og þeirra eigin móðurmáli. Ávallt er unnið að því að tengja þessa nemendur sem fyrst inn í heimabekk og lögð áhersla á mikilvægi þess að nemendur verði sem fyrst hluti af skólasamfélaginu, þar með talið að hvetja þau til að sækja það frístundastarf sem í boði er. Hægt er ef þörf þykir að gera undantekningar frá aðalnámskrá til að mæta þörfum nemandans. Slíkar undantekningar verða að hljóta samþykkis bæði nemandans og foreldra.

Árið 2014 var sett á laggirnar tungumálamiðstöð (Spraksenter) í Ósló sem er ætlað nemendum í 3.–10. bekk sem eru nýkomnir til landsins. Boðið er upp á úrræði fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning, til dæmis er boðið upp á sérstaka lestrarkennslu fyrir þá einstaklinga sem eru ólæsir á mið- og unglíngastigi. Nemendur eru í þessu úrræði að hámarki 3–6 mánuði. Þeir nemendur, sem koma til landsins á síðasta ári í grunnskóla, fara ekki í heimaskóla heldur í tungumálamiðstöðina sem vinnur með þeim að undirbúningi fyrir framhaldsskóla.

• Framhaldsskólamenntun

Aðeins 82% nemenda með norsku sem annað mál fara í framhaldsskóla til samanturðar við 98% norskra nemenda. Af þessum 82% nemenda ljúka aðeins um 57% þeirra framhaldsskóla innan fimm ára. Það hefur komið í ljós að tengsl eru á milli lengdar búsetu þeirra í Noregi og hvernig þeim vegnar í framhaldsskóla. Þeir nemendur, sem höfðu búið skemur en sex ár í Noregi áður en þeir fóru í framhaldsskóla, náðu síður að útskrifast á réttum tíma en þeir sem höfðu búið í Noregi 12 ár eða lengur, eða 57% miðað við 66%. Rannsóknir frá 2013 sýndu einnig að stúlkur af erlendum uppruna voru líklegri til að ljúka framhaldsskólamenntun en drengir.

• Menntun kennara

Árin 2013-2017 var hrundið af stað fimm ára áætlun þar sem lögð var áhersla á efla millimenningarhæfni og kennslu í norsku sem öðrum máli fyrir kennara í grunn- og framhaldsskóla. Sérstaklega var lögð áhersla á kennslu nýrra nemenda og flóttabarna. Eitt af verkefnum er heimasíðan www.skolekassa.no sem ríkið hefur sett á laggirnar til stuðnings við kennara (Norwegian Ministries, 2018; Statistisk Sentralbyrå-Statistics Norway, 2019).

6.4 Írland

Menntakerfið á Írlandi leggur sérstaka áherslu á vinnu með fjöltyngi og fjöltyngda nemendur og hefur í því skyni mótað og sett sér stefnur, framkvæmdaáætlanir og aðgerðir til að stuðla að fjölmennningarlegri kennslu á grunn- og framhaldsskólalastigi. Þar er áhersla lögð á að öllum nemendum verði gert kleift að meta þá auðlegð sem býr í margbreytilegri menningu og að þeir fái stuðning við að bera kennsl á og rísa gegn fordómum og misrétti af öllu tagi. Jafnframt er lögð aukin áhersla á tungumálakennslu, þvermenningarlega menntun (e. intercultural education) og þjálfun fyrir nemendur, kennara og fagfólk (National Council for Education and Assessment, 2005a, 2005b).

Stefna Írlands um þvermenningarlega menntun hefur það að markmiði að allir nemendur fái menntun sem felur í sér virðingu fyrir fjölbreyttum gildum, trú, tungumálum og hefðum í írsku samfélagi. Jafnframt að menntastofnanir fái stuðning við að tryggja nám fyrir alla og fullgilda þátttöku allra barna, þannig að þvermenningarlegt námsumhverfi verði almennt viðmið (Department of Education and Skills and the Office of the Minister for Integration, 2010).

Stefna landsins um aðlögun og móttöku innflytjenda felur m.a. í sér: (a) að upplýsingar til innflytjenda séu á viðeigandi tungumálum, (b) að allir sem vinna með innflytjendum fái þvermenningarlega þjálfun, (c) skýr skilaboð um hvernig nálgast megi túlkþjónustu, (d) skýr skilaboð um hvernig koma megi á framfæri kvörtunum vegna kynþáttarhatus (Department of Justice and Equality, 2017).

Írland hefur sett sér stefnu fyrir írsku tungu 2010–2030, þar sem áhersla er á samþætta nálgun (e. integrated approach) (Government of Ireland, 2010). Írland hefur einnig mótað stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir erlend tungumál (Department of Education and Skills, 2017). Þar eru sett fram fjögur meginmarkmið sem miða að því að:

1. bæta tungumálafærni með því að skapa virkt (e. engaging) námsumhverfi.
2. auka fjölbreytni og færni í tungumálum og rækta tungumál nýrra Íra (sbr. nýir Íslendingar á Íslandi).
3. auka meðvitund um mikilvægi tungumálanáms til að stuðla að viðtækari notkun erlendra tungumála.
4. bæta þátttöku atvinnuveitenda í þróun og notkun viðskiptatungumála.

Í stefnunni kemur skýrt fram sú sýn að erlend tungumál hafi gildi fyrir einstaklinga, samfélag og hagkerfi og að menntakerfið skuli stuðla að samfélagi þar sem er eðlilegt er að læra og nota að minnsta kosti eitt erlent tungumál. Litið er á það sem styrkleika írsku menntakerfisins að hefð er fyrir mikilli áherslu á tungumál og tvítýngi, sem talið er mikilvægt fyrir lítið land í alþjóðavæddum heimi. Fjallað er um þær áskoranir sem fylgja áherslum á fjöltýngt samfélag. Þar með talið yfirburði enskunnar, skilningsleysi á mikilvægi tungumála fyrir samskipti milli þjóða, takmarkað val af erlendum tungumálum í skólum, skort á menntuðum kennurum í erlendum tungumálum, hefðbundin yfirráð frönsku í skólakerfinu (sbr. danska á Íslandi), takmarkað tungumálanám í framhaldsnámi og skort á viðeigandi stuðningi við innflytjendatungumál.

Í framkvæmdaáætluninni eru sett fram eftirfarandi lykilmargmið:

- Auka framboð á lykiltungumálum fram að stúdentsprófi (þýska, spænska, ítalska, rússneska, japanska, arabíska, mandarín, kínverska, portúgalska).
- Innleiða og útfæra námskrá í móðurmálinu fyrir þá nemendur sem eiga pólsku, lítháisku og portúgölsku að móðurmáli.
- Tvöfalda fjölda kennara sem taka þátt í alþjóðlegum kennaraskiptum.
- Tvöfalda fjölda tvítýngdra tungumálaleiðbeinenda.
- Bæta viðhorf gagnvart erlendum tungumálum á öllum stigum.
- Bæta gæði tungumálakennslu á öllum stigum.

Framkvæmdaáætlunin útfærir í smáatriðum hvern þátt og greinir frá því hvernig árangur í einstökum þáttum verður mældur.

Samantekt

Þegar farið er yfir og leitast við að greina áherslur og stefnumótun nágranna-þjóðanna í menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn má greina töluverðan samhljóm, þó einnig sé um áherslumun að ræða. Leiðarstefið er tvíþætt, annars vegar mikilvægi þess að styðja betur við börn af erlendum uppruna, svo þau verði virk í skólanum og samfélaginu, og hins vegar hvernig megi breyta skólakerfinu og sníða það að fjölbreyttum nemendahópi. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að börn öðlist færni í þjóðtungunni og fái sértækan stuðningi til þess, en jafnframt er kveðið skýrt á um kennslu og aðgengi barna að eigin móðurmáli. Litið er á fjölmenningsleg skólustarf, sem kemur öllum nemendum til góða, sem lykilatriði. Þar er borin virðing fyrir ólíkum gildum, tungumálum og menningu, áhersla lögð á styrkleika barna og einstaklingsmun, sem og samstarf og upplýsingagjöf til foreldra. Í síbreytilegum heimi er litið á símenntun kennara sem grundvallarforsendu farsæls skólustarf. Í Alberta í Kanada hefur menntamálaráðuneytið t.d. byggt upp öflugt stuðningsefni fyrir kennara og foreldra á netinu. Einnig hefur verið bent á þann möguleika að umbuna og bæta starfsaðstæður kennara og skóla sem starfa með fjölbreyttum hópum barna og ungmenna, þannig að kennarar hafi rýmri tíma til undirbúnings og samstarfs.



7. Tillögur og aðgerðir

Börn og ungmenni með erlendan bakgrunn virðast eiga undir högg að sækja í íslensku skólakerfi. Þeim vegnar almennt verr í námi en jafnöldrum þeirra, hverfa frekar frá námi í framhaldsskóla, hafa lakari félagslega stöðu og líður verr í skólanum. Margir kennarar telja sig illa í stakk búna til að kenna þessum hópi og eiga erfitt með að sníða skólastarfið að þörfum þeirra. Oft á tíðum sinna þeim einstaka kennarar sem hafa reynslu og þekkingu til að vinna með fjölbreyttum nemendahópum og veita sérstakan stuðning í íslensku. Þegar þeir hverfa frá er hætta á að þekking þeirra og reynsla glatist.

Þær tillögur og aðgerðir sem hér eru settar fram eru ætlaðar til að bregðast við þeim áskorunum sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir í kjölfar samfélagsbreytinga undanfarinna ára. Við mótun tillagnanna var rýnt í innlenda og alþjóðlega stefnumótun í málefnum barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Jafnframt var tekið mið af niðurstöðum rannsókna á viðhorfum foreldra, barna og kennara og kennslufræði móðurmáls og skólamáls. Starfshópurinn kynnti sér einnig stefnumótun annarra landa í málaflokknum og tók mið af reynslu þeirra og þekkingu.

Í stefnu nágrannaþjóðanna í menntun barna og ungmenna með erlendan bakgrunn er lögð áhersla á mikilvægi þess að nemendur öðlist færni í tungumáli samfélagsins og fái sértækan stuðning til þess strax við upphaf leikskólagöngu eða við komuna til landsins en jafnframt er kveðið á um kennslu og aðgengi nemenda að eigin móðurmáli. Litið er á fjölmenningslegt skólastarf, sem kemur öllum nemendum til góða, sem lykilatriði. Þar er borin gagnkvæm virðing fyrir ólíkum gildum, tungumálum og menningu, áhersla lögð á styrkleika barna og einstaklingsmun sem og samstarf og upplýsingagjöf til foreldra. Á þann hátt er leitast við að skapa samfélag byggt á gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi og jafnræði.

Börn með erlendan bakgrunn eru oft í viðkvæmri félagslegri stöðu og finna frekar til vanlíðanar en jafnaldrar þeirra. Íslenskar jafnt sem alþjóðlegar stefnur og áherslur, er varða menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, eiga það sameiginlegt að áhersla er lögð á jöfn tækifæri til náms og að skólar vinni markvisst gegn aðgreiningu nemenda af erlendum uppruna frá öðrum nemendum, þannig að nemendur af erlendum uppruna séu ekki einangraðir í einstaka hverfum, skólum eða bekkjardeildum. Áhersla er lögð á að börn og ungmenni sem flytjast milli landa fái í samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna tækifæri til að viðhalda eigin menningu og tungumáli um leið og þau kynnast og verða borgarar í nýju samfélagi og fái markvissan stuðning við að læra nýtt tungumál. Litið er á það sem grundvallaratriði að skólar kynni sér menningar- og félagsauð barna og ungmenna af erlendum uppruna og líti á fjölbreytileika sem styrk en ekki veikleika. Hæfniramma Evrópuráðsins um lýðræðismenntun, Evrópski tungumálaramminn frá Evrópuráðinu og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveða á um réttindi allra barna og menningarlegan fjölbreytileika. Lýðræði og mannréttindi er jafnframt ein megingrunnstoðin í aðal-námsskrám skólastiganna og stefnu um frístundaheimili hér á landi.

Niðurstöður PISA sýna að íslenskufærni barna með erlendan bakgrunn er mun lakari en eintyngdra íslenskra barna og jafnframt hefur munur á innfæddum og aðfluttum nemendum hér á landi verið einn sá mesti af öllum þátttökuþjóðum PISA. Færni þeirra í íslensku virðist jafnframt almennt aukast mjög hægt. Því yngri sem börn eru þegar þau flytja til landsins eða eru fædd hér á landi, þeim mun hægar auka þau íslenskan orðaforða sinn og lesskilning, sem er verulegt áhyggjuefni og umhugsunarefni.

Lítill tengsl hafa fundist milli heimamáls og samfélagsmáls hjá ungum börnum, þau auka færni sína í hvoru máli í hlutfalli við þann tíma og þau gæði sem þau fá í hvoru máli fyrir sig. Hins vegar nýtist góð kunnátta í móðurmáli eldri börnum, sem hafa góðan grunn í sínu móðurmáli, þegar tekist er á við nám á nýju tungumáli. Það er því mikilvægt að hvetja nemendur til að tengja nýja málið við móðurmálið. Að viðhalda móðurmálinu um leið og tungumál samfélagsins er þróað hjálpar börnum að ná betri skilningi á tungumálum og öðru námi auk þess sem hæfni í eigin móðurmáli styrkir sjálfsmynd þeirra, treystir fjölskyldubönd og eykur möguleika þeirra í framtíðinni.

Færni í íslensku er grunnur að virkri þátttöku í samfélaginu. Því er mikilvægt að fjölytngdir nemendur fái sérsniðna íslenskukennslu frá því að þeir koma til landsins og verði þannig virkir málnotendur í íslenskri tungu frá byrjun. Tvítýngi er jafnframt mikilvægt fyrir nám og sjálfsmynd barna. Fyrri þekking og reynsla barna hefur alla jafna ekki verið markvisst metin hér á landi né færni þeirra, t.d. í læsi á sínu sterkasta máli. Mikilvægt er að kanna þá færni áður en formlegt nám hefst til að mæta einstaklingsþörfum barnanna á meðan þau byggja upp nýtt tungumál. Hætta er á að nemendur með erlendan bakgrunn séu ranglega metnir með sérþarfir þegar vandinn er í raun lítill færni í íslensku máli. Þá er mikilvægt að meta sérþarfir, sé um þær að ræða hjá þessum hópi nemenda, og skrifa ekki vandann á slaka íslenskufærni.

Foreldrar af erlendum uppruna hafa miklar væntingar gagnvart skólagöngu barna sinna og framtíð og oft er námsstaða þessara nemenda mjög góð við komuna til landsins. Þeir hafa kallað eftir meiri íslenskukennslu fyrir börnin og jafnframt eftir að móðurmáli þeirra verði gert hærra undir höfði í skólanum. Mikilvægt er að nýta þekkingu foreldra og veita þeim aðgengilegar upplýsingar um skólastarfið, þannig að þeir geti miðlað upplýsingum til skólanna og stutt við nám barna sinna. Leikskólar og frístundaheimili geta virkað sem brú fyrir nýkomnar fjölskyldur út í samfélagið og eru mikilvægur vettvangur móttöku, virkrar þátttöku, tengslamyndunar og óformlegs náms.

Ljóst er að menntakerfið þarf að bregðast við breyttri samfélagsgerð og laga skólastarfið að þörfum fjölbreyttra nemendahópa, m.a. af ólíkum uppruna. Kennarar á öllum skólastigum og starfsfólk frístundaheimila þarf á auknum stuðningi að halda við að mæta meiri fjölbreytni í nemendahópnum. Taka þarf mið af fjölbreytni og fjölmenningu þar sem nemendur geta nýtt styrkleika sína og fundið tengingar við eigin menningu og móðurmál.

Samhliða er afar brýnt að styðja með markvissum hætti við íslenskunám fjöltyngdra barna þannig að þau nái að standa jafnfætis jafnöldrum sem eiga íslensku að móðurmáli. Í síbreytilegum heimi er símenntun og starfsþróun kennara grundvallarforsenda farsæls skólustarfs. Aukinn fjöldi innflytjenda til landsins og fjölbreytni nemenda í skólum landsins kallar á ný vinnubrögð og starfshætti. Kennarar þurfa því að hafa tækifæri og svigrúm til stöðugar starfsþróunar. Mikilvægt er að kennarar sem starfa með fjölbreyttum hópum nemenda séu hluti af lærdómssamfélagi sem byggir á samstarfi fagfólks um bættan árangur og betra skólustarf. Til að stuðla að og viðhalda gæðum í menntakerfinu er nauðsynlegt að byggja á rannsóknum á íslenskum veruleika. Menntarannsóknir varpa ljósi á og greina það sem vel er gert og það sem þarf að ráða bót á. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar íslenskt skólakerfi og samfélag stendur frammi fyrir auknum áskorunum til framtíðar.

Þær tillögur og aðgerðir, sem starfshópurinn leggur til að ráðist verði í til að koma til móts við börn og ungmenni sem hafa erlendan bakgrunn, byggja á fyrirbyggjandi þekkingu í málaflokknum, innlendri og alþjóðlegri stefnumótun og reynslu nágrannaþjóða. Tillögurnar sem eru sjö talsins eru ekki settar fram í forgangsröð. Þær leggja áherslu á að efla: fjölmennigarlegt skólustarf, samfellt skólustarf sem byggir á fyrri reynslu og þekkingu, kennslu íslensku sem annars máls, móðurmál, samstarf við foreldra, þjónustu við börn sem eru í leit að alþjóðlegri vernd, fjöltyngi, grunn- og símenntun kennara og menntarannsóknir. Í hverri tillögu felast nokkrar aðgerðir sem lagt er til að verði framkvæmdar. Hlutverk starfshópsins var ekki að meta kostnað við tillögurnar og mun kostnaðaráætlun því hafa áhrif á tímarammann sem settur er fram.

Tillaga 1 – Fjölmenningarlegt skólastarf

Fjölmenningarlegt skólastarf, sem fagnar margbreytileika, fjölbreytni í nemendahópnum og byggir á auðlindum og styrkleikum barna og ungmenna, verði aðalsmerki skólakerfisins.

Aðgerð 1 – Stuðningur við skóla

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti innleiði samræmda stefnu um fjölmenningarlegt skólastarf sem fylgt verði markvisst eftir með starfsþróun.
- Rekstraraðilar skóla og frístundaheimila beri ábyrgð á að stjórnendur fái fræðslu og þjálfun til að takast á við stjórnun í fjölmenningarlegu umhverfi og veita starfsfólki og börnum viðeigandi þjónustu og stuðning.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við önnur ráðuneyti og sveitarfélög móti stefnu um viðmið um fjölda innflytjenda í einstaka skólum þar sem því verður við komið.
- Menntamálastofnun í samvinnu við Fjölmenningarsetur og Samband íslenskra sveitarfélaga láti vinna upplýsingavef með leiðbeiningum um móttöku nýrra skólabarna af erlendum uppruna, verkfærum og ráðgjöf um stuðning við börn og fjölskyldur.
- Menntamálastofnun ráði teymi sérfræðinga/brúarsmiða, sem veita ráðgjöf og stuðning til starfsfólks skóla á öllum skólastigum, þannig að það geti sem best mætt þörfum fjölbreyttra nemendahópa.
- Allir rekstraraðilar vinni að því að skólar, með yfir 30% nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, geti sótt um sérfræðiráðgjöf og viðbótarfjármagn til að sinna þessum hópi sérstaka, t.d. með því að veita kennurum fleiri tíma til undirbúnings og samstarfs við aðra kennara og foreldra.

Tímarammi: 2020-2024

Aðgerð 2 – Kennsla og námsumhverfi

- Rekstraraðilar og stjórnendur skóla og frístundaheimila beri ábyrgð á að byggja upp og viðhalda þekkingu og hæfni við að taka á móti börnum með erlendan bakgrunn, t.d. með því að skapa vettvang fyrir kynningu á fyrirmyndarverkefnum.
- Rekstraraðilar og stjórnendur skóla og frístundaheimila leitist við að ráða kennara og annað fagfólk af erlendum uppruna sem uppfyllir hæfniskilyrði.

- Skólastjórnendur beri ábyrgð á að skólabragur og skólaumhverfi endurspegli fjölmennningarlegan skóla og að lærdómssamfélag þróist innan skólanna um nám nemenda með erlendan bakgrunn, þannig að sérþekking kennara glatist ekki er þeir hætta störfum. Fjölmenning og fjölbreytileiki verði viðfangsefni í öllum námssviðum í grunn- og framhaldsskólum.
- Skólastjórnendur vinni markvisst gegn aðgreiningu nemenda af erlendum uppruna frá öðrum nemendum í skólanum þannig að mótun og þróun fjölmenningarlegs skólastarfs verði samábyrgð allra.
- Skólastjórnendur stuðli að því með markvissri símenntun, starfsþróun og handleiðslu að kennarar séu meðvitaðir um ábyrgð sína á íslenskunámi allra nemenda og að þeir viðhaldi og rækki eigið móðurmál.

Tímarammi: 2020-2024

Aðgerð 3 – Námsgögn

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið efli þá sjóði sem veita styrki til að þróa fjölbreytt námsgögn á íslensku fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Vinnunni yrði fylgt eftir af Menntamálastofnun sem sæi um ritstjórn og útgáfu efnisins á vef stofnunarinnar.
- Mennta- og menningarráðuneytið fylgi markvisst eftir innleiðingu endurskoðaðra námskráa um íslensku sem annað mál, m.a. með útgáfu leiðbeinandi efnis.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið láti gera sameiginlega kafla í aðalnámskrá leik, grunn- og framhaldsskóla um virkt tvítyngi/fjöltyngi með viðmiðum um mat á tungumálahæfni nemenda af erlendum uppruna.
- Menntamálastofnun láti útbúa verkfærakistu á rafrænu formi þar sem hugmyndir um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf er að finna, m.a. með því að safna saman því efni sem þegar er til, t.d. hjá Menntamiðju.
- Menntamálastofnun hafi aðgengilegt á vef stuðningsefni, fyrir nemendur af erlendum uppruna, á öllum námssviðum. Möguleikar skoðaðir á að nýta námsgögn frá hinum Norðurlöndunum eða heimalöndum nemenda.
 - Menntamálastofnun gefi út námsgögn um fjölbreytileika, fjölmenningu og fjöltyngi fyrir öll skólastig. Þetta verði unnið í samvinnu við sérfræðinga hjá háskólum og sveitarfélögum.
 - Menntamálastofnun gefi út námsgögn í íslensku sem öðru máli fyrir öll hæfnisvið og færnistig skv. aðalnámskrá.

Tímarammi: 2020-2024

Aðgerð 4 – mat

- Allir rekstraraðilar skóla sjái til þess að mat á fyrri þekkingu, reynslu og námslegri stöðu barna af erlendum uppruna fari fram við upphaf skólagöngu með Stöðumati fyrir nýkomna nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem verður aðgengilegt á rafrænu formi. Út frá niðurstöðum verði unnar kennsluáætlanir/ einstaklingsáætlanir.
- Allir rekstraraðilar skóla sjái til þess að framfarir nemenda í íslensku sem öðru máli séu metnar og stuðningurinn endurskoðaður með reglubundnum hætti.
- Allir rekstraraðilar skóla leiti leiða til að viðurkenna nám sem nemendur stunda í eigin móðurmáli og skrái á vitnisburðarblað nemenda í grunn- og framhaldsskólum.
- Menntamálastofnun í samvinnu við rannsakendur í háskólum þrói matstæki til að meta færni og framfarir nemenda með erlendan bakgrunn í íslensku.

Tímarammi: 2020–2021

Rökstuðningur

Þörf er á samræmdri stefnu um fjölmenningslegt skólastarf og stuðningi við kennara í kennslu fjölmenningslegra barnahópa, m.a. með fjölbreyttum námsgögnum fyrir börn með íslensku sem annað tungumál, á öllum skólastigum, bæði íslenskuefni og stuðningsefni fyrir aðrar námsgreinar. Til að berjast gegn félagslegu óréttlæti þarf að vinna með menningarnæmi allra nemenda. Menningarnæmi, umfjöllun um fjölbreytta heimamenningu og fjölbreyttir kennsluhættir stuðla að félagslegu réttlæti og jöfnum tækifærum fyrir alla. Að geta skilið og tekið mið af sjónarhorni ólíkra einstaklinga sem hafa búið við fjölbreytilegar aðstæður, lífsskilyrði og sögulegan bakgrunn gegnir mikilvægu hlutverki í öllu námi. Veita þarf skólum, sem hafa fjölda nemenda af erlendum uppruna, sérstakan stuðning. Virðing fyrir móðurmáli, uppruna og menningu foreldra þarf að vera í forgrunni. Grundvöllur þess, að hægt sé að skipuleggja stuðning við börn af erlendum uppruna sem koma ný í skólana með markvissum hætti, er að það fari fram mat á námslegri og félagslegri stöðu þeirra strax í upphafi og með reglulegu millibili meðan á námi stendur. Þannig fæst rétt mynd af raunstöðu barnsins og helstu styrkleikum. Til að tryggja jafna stöðu nemenda alls staðar á landinu þurfa að liggja fyrir tæki til að framkvæma mat sem hentar ólíkum börnum og ólíku skólaumhverfi og verkfæri til að fylgja matinu eftir á markvissan hátt. Með því að aðskilja innflytjendur frá öðrum nemendum er meiri hætta á einangrun og jaðarsetningu þeirra og að þeir nái ekki að þróa íslenskukunnáttuna og þá menningarbundnu hæfni sem er þeim nauðsyn til að lifa og læra í samfélaginu.

Tillaga 2 – Samfellt nám

Samfella milli leik-, grunn-, framhaldsskóla og frístundaheimila verði sett í öndvegi, til að tryggja að byggt verði á markvissan hátt á fyrri reynslu og þekkingu barnanna frá einu skólastigi yfir á annað. Unnið verði markvisst að því að styrkja leikskólastigið, auka þátttöku barna af erlendum uppruna á frístundaheimilum og fjölga tækifærum nemenda af erlendum uppruna til að stunda og ljúka námi í framhaldsskólum.

Aðgerð 1 – Farsæll flutningur milli skólastiga

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetji til þess að skólar starfi saman þvert á skólastig í þágu barna með erlendan bakgrunn, t.d. með styrkveitingum og viðurkenningum.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla stuðli að því að bakgrunnsupplýsingar barna með erlendan bakgrunn flytjist á milli skólastiga til að tryggja samfellu í námi og viðeigandi stuðning á forsendum barnanna í samvinnu við foreldra.

Aðgerð 2 – Leikskólinn sem fyrsta skólastigið

- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla stuðli að því að starfsfólk leikskóla fái stuðning til að styðja við málþroska, félagsþroska, sjálfsmynd og tilfinningalega þætti barna af erlendum uppruna til að auka möguleika þeirra á að standa jafnfætis jafnöldrum sínum í skólagöngunni. Matstæki verði notuð til að fylgjast með líðan, velferð og framförum barna sem læra íslensku til viðbótar við þau mál sem foreldrar tala.

Aðgerð 3 – Aukin þátttaka á frístundaheimilum

- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla og frístundaheimila skoði leiðir til að hvetja til þess að börn með erlendan bakgrunn sækji frístundaheimili fyrir 6–9 ára nemendur.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla og frístundaheimila veiti foreldrum barna upplýsingar um starfsemi frístundaheimila og rétt barna þeirra til að sækja þau. Þær upplýsingar verði aðgengilegar á ólíkum tungumálum og/eða sjónrænt.
- Starfsfólk frístundaheimila fái stuðning til að vinna á markvissan hátt að því að efla íslenskufærni og læsi nemenda og sýni ólíkum tungumálum og menningarbakgrunni barna virðingu.

Aðgerð 4 – Fjölga nemendum með erlendan bakgrunn sem útskrifast úr framhaldsskólum

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið auðveldi aðgengi að og val á framhaldsskólanámi með því að veita gagnlegar upplýsingar um möguleika til náms á aðgengilegan hátt.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið meti stöðu móttökuáætlana í framhaldsskólum. Metið verði hvort þær uppfylli allar kröfur 3. gr. reglugerðar 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku og hvort þeim sé fylgt í öllum þeim tilfellum þar sem ætla má að nemandinn þurfi á henni að halda.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið fylgi því eftir að framhaldsskólar bjóði upp á einingabæra áfanga í íslensku sem öðru máli og innan framhaldsskólanna verði í boði einingabært nám í erlendum tungumálum, þar sem því er við komið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið leiti leiða til að nýkomnir nemendur geti hafið skólagöngu á framhaldsskólastigi við komu þeirra þó að önnin sé hafin og þeir fái stuðning í námi.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið leiti leiða til að fagleg úrræði séu til staðar fyrir nemendur með brotna skólagöngu.
- Skólastjórnendur grunn- og framhaldsskólum stuðli að samstarfi milli skólastiganna, veiti nemendum ráðgjöf og upplýsingar um framhaldsskólann og stuðli að því að byggt verði markvisst á fyrra námi og styrkleikum nemenda þegar í framhaldsskólann er komið og sú hæfni sem nemandi býr yfir verði metin að verðleikum.
- Skólastjórnendur vinni með nemendafélögum og fagaðilum innan skóla til að stuðla að auknu aðgengi þessa hóps að félagsstarfi og félagslífi sem hentar þörfum hans og áhuga.

Rökstuðningur

Til að stuðla að farsælli skólagöngu og góðum námsárangri þarf nám barna að vera samfelld frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla. Með samfelli í námi barna er byggt á fyrri reynslu og þekkingu frá einu skólastigi yfir á annað. Leikskólinn er oft á tíðum fyrsti vettvangur fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til samskipta og til að mynda tengsl við önnur börn og fjölskyldur. Þar er lagður grunnur að hæfni og námi framtíðarinnar og þar eru oft fyrstu tækifærin sem börnum gefast til að læra og nota íslensku. Leikskólastigið er mikilvægur vettvangur fyrir máltöku og þróun tungumálsins og þar er lagður grunnur að tungumálanámi. Þátttaka barna með erlendan bakgrunn í íþrótt- og æskulýðsstarfi er mikilvægur þáttur í að styrkja tengslamyndun og tungumálafærni þeirra.

Brotthvarfshlutfall nemenda af erlendum uppruna á framhaldsskólastigi er töluvert hærra en jafnaldra þeirra. Til að stemma stigu við þeirri þróun er ekki nægjanlegt að hefja aðgerðir þegar í framhaldsskólann er komið, heldur þarf skólagangan að mynda samfellda heild ef árangur á að nást. Mikilvægt er að tryggja jafnrétti til náms og leita leiða til að auka möguleika þessa hóps til að ljúka framhaldsskóla, halda áfram í námi og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Tímarammi 2020–2024

Tillaga 3 – Íslenska sem annað mál

Börn og ungmenni, sem læra íslensku sem annað mál, fái íslenskukennslu við hæfi og viðeigandi stuðning í námi svo lengi sem þörf er á. Lögð verði áhersla á að þau geti sem fyrst stundað nám jafnfætis jafnöldrum sínum sem eiga íslensku að móðurmáli. Sérstaklega þarf að styðja börn af annarri kynslóð innflytjenda og þau sem koma ung til landsins, að þau fái strax í leikskóla málörvun í íslensku og fylgst sé með að þau taki reglulegum framförum.

Aðgerð 1 – Færni í íslensku

- Skólastjórnendur og kennarar beri ábyrgð á að skipuleggja nám barna og ungmenna sem læra íslensku sem annað mál með það í huga að þau verði virkir málnotendur á íslenska tungu frá upphafi leikskóla og út alla skólagönguna og fái þjálfun í hlustun, tali, lestri og ritun.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla tryggi jafnt aðgengi og samræmd viðmið við úthlutun og notkun fjármagns fyrir kennslu í íslensku sem öðru máli.
- Skólar og frístundaheimili leggi áherslu á læsi, samskipti, tjáningu og námsorðaforða barna með erlendan bakgrunn.

Aðgerð 2 – Sérþekking fagfólks á íslensku sem öðru tungumáli

- Háskólar sem mennta kennara þrói námsleiðir og námskeið í samræmi við þarfir barna með íslensku sem annað mál.
- Menntamálastofnun láti útbúa grunnefni í íslensku sem öðru máli fyrir öll aldurstig, hæfnisvið og færnistig. Lögð verði áhersla á námsgögn sem hægt verði að nota í upphafi. Þetta verði unnið í samvinnu við sérfræðinga hjá háskólum og sveitarfélögum.
- Sveitarfélög, aðrir rekstraraðilar og Menntamálastofnun sjái til þess að skólastjórnendur hafi aðgang að sérfræðingum í íslensku sem öðru máli.

- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla og frístundaheimila og Menntamálastofnun fylgist með kennslu og starfsháttum í íslensku sem öðru máli, annist mat og eftirfylgni.

Kennarar og skólar fá stuðning og ráðgjöf við að kenna börnum íslensku sem annað mál.

Rökstuðningur

Byggja þarf upp fagþekkingu kennara til að kenna nemendum með íslensku sem annað mál því íslenskukunnátta er grunnur að öllu námi og almennri þátttöku í samfélaginu. Leggja þarf áherslu á námstengdan íslenskan orðaforða sem greiðir leið til farsællar námsframvindu.

Tímarammi 2020-2023

Tillaga 4 – Foreldrar og fjöltyngi

Litið verði á menningu og móðurmál barnanna sem auðlind sem kemur börnunum og samfélaginu til góða. Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar sem búa yfir ómetanlegri þekkingu sem nýta þarf í þágu barnanna.

Aðgerð 1 – Samstarf við foreldra

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, sveitarfélög og rekstraraðilar skóla og frístundaheimila hafi ítarlegar upplýsingar um íslenskt skólakerfi, íþrótt- og æskulýðsstarf og frístundastarf á Íslandi aðgengilegar fyrir foreldra af erlendum uppruna á heimasíðum á erlendum tungumálum.
- Sveitarfélög og rekstraraðilar skóla og frístundaheimila leitist við að tryggja lögbundinn aðgang að túlkum fyrir börn og foreldra eins lengi og þörf er á.
- Kennarar og skólastjórnendur gefi börnum þau skilaboð að færni þeirra í móðurmálum sé mikilvæg og gefi jafnframt foreldrum þau skilaboð að þekking þeirra sé mikilvæg og hvetji þau til þess að þróa móðurmál barnanna.

Tímarammi: 2020–2024

Aðgerð 2 – Stuðningur við móðurmál

Lögð verði áhersla á að fjöltyngdir nemendur fá stuðning við móðurmál sín og að móðurmálsnám þeirra falli að íslenskum námskrám og skólastarfi.

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynni „Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi“ og hvetji til notkunar hans.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti ásamt sveitarfélögum og rekstraraðilum finni leiðir til að stuðla að virku fjöltyngi barna og ungmenna, í samvinnu við þá aðila sem veita þeim móðurmálskennslu.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar standi að fræðslu í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti um mikilvægi móðurmála nemenda til að byggja upp íslenskukunnáttu þeirra, efla sjálfsmynd þeirra og auka námstækifæri.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar leitist við að styðja við móðurmálskennslu sem fram fer utan hefðbundins skólastarfs hjá viðurkenndum fræðsluaðilum.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar tryggji að leik-, grunn- og framhaldsskólar og frístundaheimili setji sér tungumálastefnu.

Rökstuðningur

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa börn og ungmenni rétt á að viðhalda og þróa sín móðurmál. Stuðningur við móðurmál stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd, byggir á styrkleikum fjöltyngdra barna og ungmenna og veitir þeim aukin námstækifæri. Í sumum tilfellum getur stuðningur við móðurmál virkað sem brú á meðan nemendur eru að tileinka sér íslensku sem annað mál. Fjöltyngi hefur gildi fyrir einstaklingana, samfélagið og hagkerfið. Formleg viðurkenning á færni í tungumálum í formi eininga í framhaldsskólum eflir einstaklinga og auðveldar skólum, fyrirtækjum og stofnunum að meta tungumálafærni. Gott samstarf skóla og foreldra er forsenda velgengni nemenda með erlendan bakgrunn, í námi og félagslífi. Þeir geta veitt skólanum mikilvægar upplýsingar um fyrri skólagöngu, nám og reynslu barnanna. Þeir geta einnig komið á framfæri hvernig börnunum líður í skólanum og hvernig þeim gengur bæði félagslega og námslega. Skólinn þarf að upplýsa foreldra um kröfur og væntingar skólans til barnanna og þær leiðir sem foreldrar geta farið til að aðstoða þau. Foreldrar fá reglulega upplýsingar um námsframvindu og þann stuðning sem börnin fá.

Tímarammi 2020–2024

Tillaga 5 – Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Lögð verði áhersla á að börnum og ungmönnum sem eru í leit að alþjóðlegri vernd verði tryggð menntun og skólaganga eins fljótt og unnt er í samræmi við aldur þeirra og þroska. Miðað verði við að ekki líði lengri tími en 4 vikur frá því að barn sækir um alþjóðlega vernd þar til það hefur fengið skólaúrræði.

Aðgerð 1 – Börn í þjónustu Útlendingastofnunar

- Á meðan börn eru í þjónustu Útlendingastofnunar tryggji hún að börn fái lögbundna þjónustu. Lögð verði áhersla á sálfélagslegan stuðning og menntun í samræmi við aldur og þroska.

Aðgerð 2 – Börn í þjónustu sveitarfélaga

- Börnum verði komið í þjónustu sveitarfélags/skóla innan fjögurra vikna frá umsókn um vernd.

Aðgerð 3 – Heildstæður dagur barna

- Sveitarfélög sjái til þess að börn sem eru í þjónustu þeirra geti tekið þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og að börn í 1. – 4. bekk eigi kost á vistun á frístundaheimili.

Tillaga 6 – Menntun kennara og tómstunda- og félagsmálafræðinga

Tryggt verði að kennsla barna og ungmenna af erlendum uppruna verði hluti af grunnmenntun allra kennara og tómstunda- og félagsmálafræðinga. Jafnframt að kennarar, skólastjórnendur og starfsfólk frístundaheimila sækji símenntun og starfsþróun um fjölmenningu og kennslu barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Aðgerð 1 – Grunnmenntun

- Mennta- og menningarráðuneytið í samráði við háskóla og sveitarfélög leiti leiða til að fjölga markvisst kennaranemum af erlendum uppruna.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samráði við háskóla leiti leiða til að veita kennurum með erlend kennsluréttindi leyfisbréf til kennslu að uppfylltum hæfniskilyrðum (Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019).
- Háskólar sjái til þess að fjölmenningu, kennsla í fjölmenningarlegum hópum, fjöltyngdir kennsluhættir og kennsla í íslensku sem öðru máli verði hluti af námsleiðum er lúta að kennslu- og menntunarfræðum.
- Háskólar byggji upp sérþekkingu í menntun barna með erlendan bakgrunn og fjöltyngdra hópa.

Aðgerð 2 – Símenntun- starfsþróun

- Háskólar sem mennta kennara bjóði upp á símenntun og starfsþróun fyrir starfandi kennara með áherslu á fjölmenningu, fjöltyngi, íslensku sem annað mál og kennsluáðferðir í fjölbreyttum barnahópum.
- Menntamálastofnun verði falið að vinna stuðningsefni fyrir kennara og starfsfólk frístundaheimila um fjöltyngi, fjölmenningu og kennslu fjöltyngdra barna, sem verður aðgengilegt á vef stofnunarinnar. Þetta verði unnið í samvinnu við sérfræðinga hjá háskólum og sveitarfélögum.
- Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla og frístundaheimila og stjórnendur stuðli að því að kennarar eigi þess kost að sækja símenntun og starfsþróun með áherslu á fjölmenningu, fjöltyngi, íslensku sem annað mál og kennslu barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, sem hluta af starfsskyldum sínum.

Rökstuðningur

Menntun og störf kennara er sá þáttur sem mest áhrif hafa á gæði skólastarfs. Umbótum í menntakerfinu verður ekki við komið nema með vel menntuðum kennurum. Breytingar á samsetningu íbúa landsins og fjölbreytni nemenda í skólum landsins hefur í för með sér nýjar áskoranir og kalla á endurskoðun á grunnnámi og starfsþróun kennara. Kennarar telja sig illa í stakk búna til að mæta fjölbreyttum hópi nemenda af erlendum uppruna. Kennarar þurfa oft á tíðum að endurskoða fyrri viðhorf og tileinka sér ný vinnubrögð til að koma til móts við börn og fjölskyldur sem hafa annan menningar- og tungumálabakgrunn en þeir eru vanir. Kennarar, þvert á námsgreinar, þurfa að hafa þekkingu og færni til að veita fjöltyngdum börnum faglegan stuðning bæði í íslensku og einstaka námsgreinum og námsþáttum.

Tímarammi 2020–2022

Tillaga 7 – Menntarannsóknir

Komið verði á fót markvissu átaki til að efla menntarannsóknir sem leið til að stuðla að auknum gæðum í skólakerfinu.

Aðgerð 1 – Styrkir til menntarannsókna

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið beiti sér fyrir markáætlun í menntarannsóknum og að sérstakt fagráð um menntarannsóknir verði skipað af Vísinda- og tækniráði Rannís og sjóður settur á laggirnar sem styrkir menntarannsóknir.

Aðgerð 2 – Heildstæðar úttektir á menntarannsóknum

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið beiti sér fyrir að unnar verði heildstæðar úttektir á afmörkuðum sviðum menntunar og kennslu. Áhersla verði lögð á að skoða innlendar og erlendar rannsóknir út frá ólíkum sjónarhornum í því skyni að varpa ljósi á menntun barna með erlendan bakgrunn.

Dæmi um menntarannsóknir sem þörf er á að vinna í málaflokknum:

a) – Líðan, námsárangur og brotthvarf úr framhaldsskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við háskóla sem mennta kennara hrindi af stað rannsóknum á stöðu nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum, þar sem meðal annars verði skoðuð vellíðan, námsárangur, félagsleg þátttaka, innritunarhlutfall og brotthvarf og ástæður þess.

b) – Kennslufræði íslensku sem annars máls

Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við háskóla sem mennta kennara hrindi af stað rannsóknum á íslensku sem öðru máli, þ.á m. námsorðaforða, bæði almennum og sértækum. Áhersla verði lögð á náms- og kennsluaðferðir og hvernig best megi styðja framfarir í námstengdu tungumáli.

c) – Leikskólanám

Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við háskóla sem mennta kennara hrindi af stað rannsóknum á námi og félagslegri þátttöku barna með erlendan bakgrunn í leikskólum og skoði hvernig komið er til móts við og stuðlað að vellíðan og námi þessa hóps á fyrsta skólastiginu.

d) – Fjölmenningarlegt skólastarf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við háskóla sem mennta kennara hrindi af stað rannsóknum á fjölmenningarlegu skólastarfi, sem fela í sér: Hvernig megi byggja á þeim auðlindum sem börn af erlendum uppruna búa yfir, hvernig megi nýta fjöltyngi barna og ungmenna sem styrkleika og hvernig megi skapa gagnkvæm jákvæð samskipti við foreldrahópinn.

Rökstuðningur

Menntarannsóknir eru forsenda upplýstrar ákvarðanatöku og þurfa að liggja til grundvallar þegar stefna og starfshættir í skólum landsins eru mótaðir. Til að stuðla að gæðum í skólakerfinu er nauðsynlegt að byggja á rannsóknum á íslenskum raunveruleika. Menntarannsóknir eru grunnur þess að hægt sé að greina og skilja það sem vel er gert og það sem þarf að bæta. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar íslenska skólakerfið stendur frammi fyrir töluverðum áskorunum til framtíðar í kjölfar samfélagsbreytinga undanfarinna ára.

Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla. (2011).

Aðalnámskrá grunnskóla. (2013).

Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Aðalnámskrá leikskóla. (2011).

Alberta government. (2013). *Indicators of inclusive schools: Continuing the conversation.*

Sótt af https://education.alberta.ca/media/482253/indicators_of_inclusive_schools.pdf

Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019a). *Cultures and languages.*

Sótt af <https://www.alberta.ca/cultures-languages.aspx>. Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019b). *Engaging all learners.*

Sótt af <http://www.engagingalllearners.ca/learning-supports/>. Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019c). *Inclusive education.* Sótt af <https://www.alberta.ca/inclusive-education.aspx>.

Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019d). *International languages.*

Sótt af <https://education.alberta.ca/international-languages-k-6/programs-of-study/>.

Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019e). *Ministry of Education.* Sótt af <https://www.alberta.ca/education.aspx>.

Alberta: Alberta government.

Alberta government. (2019f). *My child's learning: A parent resource.*

Sótt af <http://www.learnalberta.ca/content/mychildslearning/index.html>. Alberta: Alberta government.

Alþingi. (2016). Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019 nr. 63/145,

Sótt af <https://www.althingi.is/altext/145/s/1692.html>.

Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði íslenskra leikskólabarna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1–22.

Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir. (2013). Framtíð í nýju landi: Þróunarverkefni um innflytjendur í framhaldsskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.

Anh-Dao Tran og Samúel Lefever. (2018). Icelandic-born students of immigrant background; How are they faring in compulsory school? Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.

Anh-Dao Tran, Samúel Lefever og Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Equitable Pedagogical Practice in Culturally diverse classrooms: Perspectives of teachers and students in upper secondary schools. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.

- Anrnbak, A. (2010). To what extent do basic skills predict students' PISA reading score? Í N. Egelund (Ritstj.), *Northern Lights on PISA 2009 - focus on reading* (bls. 23–43). Copenhagen Nordic Council of Ministers.
- ARC. (2016). Atlantic Rim Collaboratory. Sótt af <http://atrico.org/>.
- Arna H. Jónsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Ársæll Arnarsson, Guðmundur Th. Heimisson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2019). Líðan í skóla og náms-
árangur: Niðurstöður úr rannsókninni Heilsa og líðan skólabarna (HBSC). *Glæður: Fagtímarit Félags
sérkennara á Íslandi*, 29, 15–20.
- Butler, Y. G. og Hakuta, K. (2006). Bilingualism and second language acquisition. Í T. K. Bhatia og W. C. Ritchie
(Ritstj.), *The handbook of bilingualism*. New Jersey: Blackwell.
- Cerna, L., Andersson, H., Bannon, M. og Borgonovi, F. (2019). *Strength through diversity's. Spotlight report for
Sweden. OECD education working papers no. 194*. París: OECD.
- Chumak-Horbatsch, R. (2012). *Linguistically appropriate practice: A guide for working with young immigrant
children*. Toronto: University of Toronto Press.
- Council of Europe. (2007). From linguistic diversity to plurilingual education: Guide for the development
of language education policies in Europe.
Sótt af http://www.coe.int/t/dg4/linguistic/Guide_niveau3_EN.asp.
- Council of Europe. (2018). Common European Framework of Reference for Languages: Learning,
Teaching, Assessment (CEFR).
Sótt af <https://www.coe.int/en/web/common-european-framework-reference-languages>.
- Council of Europe. (2019). Reference Framework of Competences for Democratic Culture.
Sótt af [https://www.coe.int/en/web/campaign-free-to-speak-safe-to-learn/reference-frame-
work-of-competences-for-democratic-culture](https://www.coe.int/en/web/campaign-free-to-speak-safe-to-learn/reference-frame-
work-of-competences-for-democratic-culture).
- Cummins, J. (1979). Cognitive/academic language proficiency, linguistic interdependence, the optimum age
question and some other matters. *Workin Papers on Bilingualism*, 19, 121–129.
- Cummins, J. (2000). *Language, power, and pedagogy: Bilingual children in the crossfire* Bristol:
Multilingual Matters.
- Cummins, J. (2004). Language, power, and pedagogy: Bilingual children in the crossfire *Language Policy* 1(2),
193–195.
- Department of Education and Skills. (2017). *Languages connect: Ireland's strategy for foreign languages in
education 2017–2026*. Dublin: Department of Education and Skills.

- Department of Education and Skills and the Office of the Minister for Integration. (2010). *“Intercultural Education Strategy, 2010–2015”*. Dublin: Department of Education and Skills and the Office of the* Minister for Integration.
- Department of Justice and Equality. (2017). *The migrant integration strategy: A blueprint for the future*. Dublin: Department of Justice and Equality.
- European Commission. (2019). *Eurydice Brief. Integrating students from migrant backgrounds into schools in Europe: National policies and measures*. Brussel: European Commission.
- Evrópuráðið. (1992). Evrópursáttmáli um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa. Sótt af <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016806d356d>.
- Evrópuráðið. (2019a). European Charter for Regional or Minority Languages. Sótt af <https://www.coe.int/en/web/european-charter-regional-or-minority-languages>.
- Evrópuráðið. (2019b). Sáttmáli Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun. Sótt af <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016804884cd>Sáttmáli.
- Eyrún María Runarsdóttir og Runar Vilhjalmsón. (2015). Ethnic differences in youth well-being: The role of sociodemographic background and social support. *Scandinavian Journal of Public Health*, 43, 580–587.
- Eyrún María Runarsdóttir, Runar Vilhjalmsón, Sigrún Adalbjarnardóttir og Robert Crosnoe. (2019). Ethnicity and the perceived support of adolescent friends in a society with rising immigration.
- Eyrún María Rúnarsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir. (2019). “Þeir leika saman og eru glaðir, það er bara svo gott”: Félagsleg tengsl og vinátta leikskólabarna af erlendum uppruna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda á lesskilningshluta PISA. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít um læsi. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*.
- Gärdegård, A., Tägtström, J. R., Patmalnieks, A., Jonsson, C. og Midtbø, O. (2018). *School – A basis for successful inclusion: Newly arrived children and young people in the Nordic countries*. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/school-a-basis-for-successful-inclusion/>. Stokkhólmur: Nordens välfärdscentre.
- Gestur Gudmundsson, Beach, D. og Vestel, V. (2013). *Youth and marginalisation. Young people from immigrant families in Scandinavia*. London: The Tufnell Press.
- Government of Ireland. (2010). *20-year strategy for the Irish language 2010–2030*. Dublin: Government of Ireland.
- Hagstofa Íslands. (2019a). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/innflytjendur/>.

- Hagstofa Íslands. (2019b). *Menntuðum leikskólakennurum fækkar*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/born-og-starfsfolk-i-leikskolum-2018/>. Reykjavík Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2019c). *Hagtíðindi, Félagsvísar*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningarNiðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*, 157–184.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2018). Building empowering multilingual learning in Icelandic schools. Í Peter Pericles Trifonas og Themistoklis Aravossitas (Ritstj.), *Handbook of research and practice in heritage language education* (bls. 577– 594). Cham: Springer.
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmenningarlegt leikskólastarf : þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, L. A. (2018). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from four Nordic countries*. Cambridge: Cambridge Scholars Publishing.
- Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever. (2018). Introduction. Í H. Ragnarsdóttir og S. Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 1–6). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama. (2018). Flóttabörn í íslenskum skólum. *Glæður*, 28(57– 66).
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stöðuskýrsla. (2018). Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=10adb4fe-7989-11e8-942c-005056bc530c>.
- Helga Guðmundsdóttir, Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir. (2018). “Allt sem ég þrái”: Menntun og skólaganga barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(1), 1–21.
- Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Brarillé og Markus Meckl. (2018). Diversity and multiculturalism in Icelandic schools: Parents’ and teachers’ voices. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2012). Líðan, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda í 5.-7. bekk grunnskóla í frístundastarfi. Samanburður á svörum barna eftir móðurmáli töluðu heima. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10, 123–140.
- Hulda Karen Daniélsdóttir. (2008). *Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál: Greining á stöðu og tillögur um aðgerðir*. Sótt af http://old.mcc.is/media/frettir/skyrsla_innflytjendur_sertharfir.pdf.
- Hulda Karen Daniélsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir. (2010). *Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum – Upplifun fagfólks skólanna*. Reykjavík: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

- Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland. (2018). *Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál*. Reykjavík: Menntamálastofnun.
- Ingibjörg Eva Þórisdóttir. (2018). *Staða nemenda af erlendum uppruna: Niðurstöður úr Ungt fólk rannsóknnum á meðal nemenda 10–18 ára*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Íslensk málnefnd. (2018). Ályktun um stöðu íslenskrar tungu.
Sótt af <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun-IM-2018.pdf>.
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2019). Children's perspectives on belonging in Icelandic preschools. Í Jane Murray, Beth Blue Swadener og K. Smith (Ritstj.), *Routledge international handbook of young children's rights*. London: Routledge.
- Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Thelma Einarsdóttir. (2018). Linguistically diverse children in Iceland: Their family language policy and Icelandic phonological awareness. Í H. R. o. S. Lefever (Ritstj.), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 7–38). Cambridge: Cambridge Scholars Publishing.
- Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson. (2018). Margbreytileiki brotthvarfnemenda.
Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla: Afstaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Lamb, S. og Markussen, E. (2011). School dropout and completion: An international perspective. Í Stephen Lamb, Eifred Markussen, Richard Teese, John Polesen og Nina Sandberg (Ritstj.) *School drophout and completion: Internatinal comparative studies in theory and policy* (bls. 1–18). London: Springer.
- LaRusso, M., Kim, H. Y., Selman, R., Uccelli, P., Dawson, T., Jones, S. o.fl. (2016). Contributions of academic language, perspective taking, and complex reasoning to deep reading comprehension. *Journal of Research on Educational Effectiveness*, 9(2), 201–222.
- Lawrence, J. F., Francis, D., Paré-Blagoev, J. og Snow, C. E. (2016). The poor get richer: Heterogeneity in the efficacy of school-level intervention for academic language. *Journal of Cognitive Neuroscience* (September).
- Little, S. (2019). Great aunt Edna's vase: Metaphor use in working with heritage language families. *The Family Journal*, 27(2), 150–155.
- Lög um breytingu á lögum um grunnskóla, með síðari breytingum (sjálfstætt reknir grunnskólar, breytt valdmörk ráðuneyta, tómstundastarf og frístundaheimili),. (nr. 91/2008).
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2018.
- Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012.

- Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.
- Markussen, E., Lödding, B., Sandberg, N. og Vibe, N. (2006). *Forskjell på folk – hva gjør skolen nu? NIFU STEP Rapport 3/2006*. Oslo: NIFU STEP.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi - Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2018). Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið: Tillögur starfshóps. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=80cf3a67-3103-11e8-942a-005056bc530c>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020). *Samræmdur leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2019). *Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólustjórnenda: Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Menntamálastofnun. (2019). Helstu niðurstöður PISA 2018. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf. Reykjavík: Menntamálastofnun.
- Menntamálastofnun. (2018). Aðgerðir gegn brotthvarfi: Staða verkefnis – febrúar 2018. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/adgerdir_gegn_brotthvarfi_stoduskyrsla_februar_2018.pdf. Reykjavík: Menntamálastofnun.
- National Council for Education and Assessment. (2005a). *Intercultural education in the post-primary school: Enablers students to respect and celebrate diversity, to promote equality and to challenge unfair discrimination*. Dublin: National Council for Education and Assessment. Sótt af <https://www.developmenteeducation.ie/media/documents/Intercultural%20education%20in%20the%20primary%20school.pdf>.
- National Council for Education and Assessment. (2005b). *Intercultural education in the primary school*. Dublin: National Council for Education and Assessment. Sótt af <https://www.developmenteeducation.ie/media/documents/Intercultural%20education%20in%20the%20primary%20school.pdf>.
- Norræna ráðherranefndin. (2006). Deklaration om Nordisk Språkpolitik. Sótt af <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:700895/FULLTEXT01.pdf>.

- Norræna ráðherranefndin. (2019). 10 aðgerðarsvið um menntun og rannsóknir.
Sótt af <https://www.norden.org/is/information/10-adgerdasvid>.
- Norwegian Ministries. (2018). *Immigration and integration 2017–2018: Report for Norway to the OECD*. Oslo: Norwegian Ministries.
- OECD. (2018). The Resilience of Students with an Immigrant Background. Factors that Shape Well-being.
Sótt af https://read.oecd-ilibrary.org/education/the-resilience-of-students-with-an-immigrant-background_9789264292093-en#page1.
- OECD. (2019a). *OECD economic surveys: Iceland 2019*.
Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2596438b-d87b-11e9-944a-005056bc4d74>.
Paris: OECD.
- OECD. (2019b). *OECD Future of Education and Skills 2030*.
Sótt af <http://www.oecd.org/education/2030-project/>.
- OECD. (2019c). *PISA 2018 Assessment and analytical framework*. Paris: PISA, OECD Publishing.
- OECD. (2019d). *Strength through Diversity*.
Sótt af <http://www.oecd.org/education/strength-through-diversity/>.
- Oller, D. K., Pearson, B. Z. og Cobo-Lewis, A. B. (2007). Profile effects in early bilingual language and literacy. *Applied Psycholinguistics*, 28, (2), 191–230.
- Proctor, C. P., Silverman, R. D., Harring, J. R., Jones, R. L. og Hartranft, A. M. (2019). Teaching bilingual learners: Effects of a language-based reading intervention on academic language and reading comprehension in fourth and fifth grade. *Reading Research Quarterly*, 0(0), 1–28.
- Proposal for a Council recommendation on a comprehensive approach to the teaching and learning of languages. (2018).
Sótt af https://eur-lex.europa.eu/resource.html?uri=cellar:1cc186a3-5dc7-11e8-ab9c-01aa75e-d71a1.0001.02/DOC_1&format=PDF.
- Ragnar F. Ólafsson. (2019). *TALIS 2018: Starfshættir og viðhorf kennara og skólustjóra á unglíngastigi grunnskóla*: OECD. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/vefutgafa_-_talis_2019.pdf
- Renata Emilsson Peskova og Hanna Ragnarsdóttir. (2018). Strengthening linguistic bridges between home and school: Experiences of immigrant children and parents in Iceland. Í Peter Pericles Trifonas og Themistoklis Aravossitas (Ritstj.), *Handbook of research and practice in heritage language education* (bls. 561–576). London: Springer.
- Roberts, T. A. (2014). Not so silent after all: Examination and analysis of the silent stage in childhood second language acquisition. *Early Childhood Research Quarterly*, 29(1), 22–40.
- Rossingh, H. (2016). Academic language in K-12: What is it, how is it learned, and how can we measure it?, 1(1), 6. *BC TEAL Journal*, 1(1), 67–81.

- Rossingh, H. (2008). Variability in ESL outcomes: The Influence of age on arrival and length of residence on achievement in high school *TESL Canada Journal/Revue TESL du Canada*, 26(1), 87–107.
- Rósa Björg Þorsteinsdóttir. (2013). *Brotthvarf innflytjenda úr framhaldsskóla: Hvaða úrræði nota íslenskir og norskir framhaldsskólar til að vinna gegn brotthvarfi innflytjenda? (meistararitgerð, Menntavísindasvið HÍ)*. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/16037/1/rosa_bjorg_thorsteinsdottir_med.pdf.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2018). *Framtíðin er hér. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022*. Sótt af https://www.samband.is/media/stefnumotun-sambandsins/Stefnumorkun2018-2022_A.pdf. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2017). CMW-CRC Joint General Comment on the Human Rights of Children in the Context of International Migration. Sótt af <https://www.ohchr.org/EN/HRBodies/CRC/Pages/CMWCRCContextofInternationalMigration.aspx>.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I hluti/1989.
- Schleicher, A. (2018). *World class: How to build a 21st century school system, strong performers and successful reformers in education*. París: OECD.
- Sigríður Björk Einarsdóttir og Renata Emilsson Peskova. (2019). Allir með – Tölum saman um skólamenningu á Íslandi. *Skólavarðan*. Sótt af <http://skolavardan.is/raddir/%E2%80%8BAllir-med-%E2%80%93-tolum-saman-um-skolamenningu-a-Islandi>.
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016a). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál – Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016b). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sér rit um læsi. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 1-25*. Sótt 26. október 2016 af http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/003.pdf
- Skoleverket. (2019). *Bedömningsportalen. Kartlaggningsmaterial*. Sótt af <https://bp.skolverket.se/web/kartlaggningsmaterial/start>.
- Souto-Manning, M. (2007). Immigrant families and children (re)develop identities in a new context. *Early childhood education journal*. *Early Childhood Education Journal*, 34(6), 399–405.
- Souto-Manning, M. (2013). *Multicultural teaching in the early childhood classroom: Approaches, strategies, and tools, preschool-2nd grade*. New York: Teachers College Press.
- Sólveig Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir. (2008). *Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi meðal innflytendabarna í Breiðholti*. Reykjavík: MIRRA – Miðstöð innflytjendarannsóknna Reykjavíkurakademiunni.

- Statistisk sentralbyrå–Statistics Norway. (2019). Sótt af <https://www.ssb.no/en/befolkning/>.
- Stevens, G., Sophie, W., Tim Huijts, Marlies Maes, Katrine, M., Franco, C. o.fl. (2015). An internationally comparative study of immigration and adolescent emotional and behavioral problems: Effects of generation and gender. *Journal of Adolescent Health, 57*(6), 587–594).
- Tran, A. D. (2015). *Untapped resources or deficient 'foreigners' (doktorsritgerð)*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Tran, A. D., Hanna Ragnarsdóttir og Samuel Lefever. (2016). Equitable pedagogical practice in culturally diverse classrooms: Perspectives of teachers and students in upper secondary schools. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
- Uccelli, P., Barr, C. D., Dobbs, C. L., Galloway, E. P., Meneses, A. og Sanchez, E. (2015). Core academic language skills: An expanded operational construct and a novel instrument to chart school-relevant language proficiency in preadolescent and adolescent learners. *Applied Psycholinguistics, 36*(5), 1077–1109. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1735640913?accountid=177961> úr Social Science Premium Collection.
- UNESCO. (2018). Global education meeting 2018: Brussels declaration. Sótt af <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000366394/PDF/366394eng.pdf.multi>
- UNESCO. Global education monitoring report. (2019). Migration, displacement and education: building bridges, not walls. Sótt af <https://en.unesco.org/gem-report/report/2019/migration>.
- Þingskjal nr. 631/2018–2019. Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/0631.html>.
- Þingskjal nr. 1667/2018–2019. Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1667.html>.
- Þingskjal nr. 1750/2018–2019. Þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>.

